



SKOÐUN Ásta Huld Henrýs-dóttir vill ekki styttra nám í MR. **13**



MENNING Freyja og Arnar skapa ekkert úr engu í verkfrönnu núll. **22**



LÍFID Stórfyrirtækið Live Media Group vill íslenska tókumenn. **30**



SPORT Geir segist ekki hafa haft nein áhrif á forsetakjörið hjá FIFA. **26**



Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag.

SMITH & NORLAND

Noátúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

3. september 2014
206. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

**MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI***

MARKAÐURINN



Vildi 100% í Advania

Thomas Ivarson, nýr stjórnarformaður Advania, telur að reynsla sína af rekstri fyrirtækja þvert á landamæri muni stórauka tækifæri fyrirtækisins á Norðurlöndum. Fyrsta tilboði hans um kaup á öllu fyrirtækinu var hafnað af eigendum.

FRÉTTIR

Vilja bústaðina burt Orkuveitan vill losna við sumarbústaði af landi sínu við Þingvallavatn. **6**

Bæta þarf aðgengi Bíó Paradís vantar tvær milljónir til að bæta aðgengi fatlaðra að húsinu. **10**

Neita að aflétta trúnaði af umdeildum útboðsgögnum

Sveitarfélagið Ölfus neitar að afhenda útboðsgögn vegna útboðs sem fram fór nýlega í sveitarfélaginu þrátt fyrir úrskurð þar um. Fyrirtækið sem vann útboðið heitir Gámaþjónustan og er nátengt bæjarstjóranum.

„Ég vil fá öll gögn upp á borðið. Úrskurðarnefnd hefur sagt bænum að sýna gögnin og þá á hún að sjá sóma sinn í að gera það,“ segir Ármann Einarsson, fulltrúi D-lista í Ölfusi. Sveitarfélagið neitar að birta útboðsgögn vegna sorphirðuútboðs sem fram fór nýlega í bænum. Gámaþjónustan vann útboðið en stjórnendur og starfsmenn hennar tengjast bæjarstjóranum fjölskylduböndum – foreldrar bæjarstjórans og bróðir eru starfsmenn. Þegar keppinautur Gámaþjónustunnar fékk ekki að sjá útboðsgögnin var málið kært til úrskurðarnefndar sem ákvað að bænum væri skylt að afhenda gögnin. Gunnsteinn Einarsson bæjarstjóri segir að ákvörðun úrskurðarnefndarinnar verði hunsuð. Spurður hvers vegna segir hann það að ósk Gámaþjónustunnar. „Við gerum þetta vegna þess að viðsemjandi okkar telur álitamál hvort eigi að láta í té þessar upplýsingar og óskar eftir því að haldinn sé trúnaður við fyrirtækið.“

Spurður um fjölskyldutengsl sín við Gámaþjónustuna svarar Gunnsteinn: „Ég get alveg viðurkennt það að ég á fjölskyldumeðlimi sem starfa hjá þessu fyrirtæki, báðir foreldrar mínir og bróðir.“ Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst á fjölskylda Gunnsteins einnig eignarhlut í Gámaþjónustunni. Gunnsteinn

segist hins vegar ekki álíta að hann sé vanhæfur til að fjalla um eða fara með málið. Ármann Einarsson gagnrýnir þetta verklag harðlega og telur að ekki sé verið að gæta hagsmuna bæjarbúa. Þar að auki telur Ármann að Gunnsteinn ætti að segja sig frá málinu vegna tengsla sinna við Gámaþjónustuna. Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, sem óskaði eftir útboðsgögnum eftir að hafa tapað fyrir Gámaþjónustunni, segir með ólíkindum hvernig haldið hafi verið á málinu. Hann skrifar grein um málið sem lesa má í Fréttablaðinu í dag á síðu 13.



„Ég get alveg viðurkennt það að ég á fjölskyldumeðlimi sem starfa hjá

þessu fyrirtæki, báðir foreldrar mínir og bróðir.

Gunnsteinn Einarsson, bæjarstjóri Ölfuss.



Bolungarvík	7°	NA	2
Akureyri	10°	NV	6
Egilsstaðir	14°	V	5
Kirkjubæjarkl.	10°	SV	3
Reykjavík	11°	S	5

Skin og skúrir á V-hluta landsins, hálfskýjað til að byrja með A- og SA-lands en léttir svo til. Breytileg átt 3-10m/s og hiti 8-16 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



Hraunið stækkar óðum: Jafn stórt og 868 fótoltavelliir

NÁTTÚRA Hraunið sem hefur runnið í eldgosinu í Holuhrauni var orðið 6,2 ferkílómetrar að stærð klukkan 14 í gær, samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum Háskóla Íslands á svæðinu. Þetta jafngildir 868 knattspyrnuvöllum í fullri stærð. Á svipuðum tíma í fyrradag var hraunið 4,2 ferkílómetrar og stækkaði því um tvo ferkílómetra, eða um 280 knattspyrnuvelli, á einum degi. Áætlað er að rúmmál hraunsins hafi verið 30 til 40 milljónir rúmmetra í gær, sem er um tíu milljóna aukning á einum degi. - fb

ÁHRIFAMIKIL SJÓN Eldtungur héldu áfram að stíga tugi metra upp úr Holuhrauni í gær og var sjónarspilið að vonum áhrifamikið. Hraunið hefur hlaðist upp og þyknað að undanförun. Í gær var það fjóra til fimm kílómetra frá Jökulsá á Fjöllum.

Verslanakeðjan House of Fraser hefur verið seld kínverskum auðmanni: Þrotabú bankanna fá milljarða

VIÐSKIPTI Breska stórverslanakeðjan House of Fraser hefur verið seld fyrirtæki í eigu samstæðunnar Sanpower. Sanpower er í eigu kínverska auðmannsins Yuan Yafei en samstæðan er ein sú stærsta sem er í einkaeigu í Kína. Söluverðið er um 480 milljónir sterlingspunda sem jafngildir um 93,3 milljörðum íslenskra króna. Highland Group, félag í eigu þrotabúa gamla Landsbankans (LBI hf.) og Glitnis banka, eiga 49

prósent í House of Fraser. Fram kom í tilkynningu gamla Landsbankans í febrúarbyrjun 2009 að tekinn hafi verið yfir 34,9 prósent eignarhlutur í House of Fraser. Sá eignarhlutur er óbreyttur og hlutur Glitnis því 14,1 prósent. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins munu um 10 milljarðar íslenskra króna renna til þrotabús Landsbankans við sölu og fimm milljarðar til Glitnis. Félagið var áður í eigu BG Hold-

93,3 milljarðar króna fengu fyrir House of Fraser. ing, dótturfélags Baugs, en íslensku bankarnir föllu gengu þar að veðum snemma árs 2009. Baugur Group fór fyrir hópi fjárfesta við yfirtöku á versluninni árið 2006 og greiddi fyrir hana 351 milljónir, sem jafngildir nú um 68 milljörðum króna. - fbj



next
NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í HÚS
NEXT • KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

Vertu laus við **LIDVERKINA!**

NUTRILEK GOLD
www.gengurvel.is

SPURNING DAGSINS



Sigurjón, viltu ekki skrá þig í grát-Kórinn?

Hvar geri ég það?

Sigurjón Jónsson, varabæjarfulltrúi Framsóknarflokksins í Kópavogi telur að siðareglur kunni að hafa verið brotnar þegar bæjarfulltrúar fengu frímiða á tónleika Justins Timberlake í Kórnum.

Ástandið í Úkraínu hefur slæmar afleiðingar fyrir hinn almenna borgara: Milljón hefur yfirgefið heimilin

ÚKRAÍNA Meira en ein milljón manns hefur þurft að yfirgefa heimili sitt vegna átakanna í austurhluta Úkraínu, að sögn starfsmanns Sameinuðu þjóðanna.

Undanfarnar þrjár vikur hefur tala þeirra, sem hafa yfirgefið heimili sitt, tvöfaldast og er komin í að minnsta kosti 260 þúsund manns. Alls hafa 814 þúsund manns til viðbótar flúið yfir rússnesku landamærin á þessu ári, að því er kom fram hjá BBC.

Uppreisnarmenn hliðhollir Rúss-

260.000

hafa yfirgefið heimili sín síðustu þrjár vikur.

um hafa barist við ukrainska herinn síðan í apríl. Aðskilnaðarsinnar í borgunum Donetsk og Luhansk hafa lýst yfir sjálfstæði eftir að Rússar tóku völdin á Krímskaga og aðgreindu hann frá Úkraínu. Frá því átökin hófust hafa um 2.600 manns fallið og þúsundir særst. -h



MEÐ SPRENGJUBROT Ksenia Plyushch sýnir móður sinni sprengjubrot í þorpinu Osykove í austurhluta Úkraínu. Rúm ein milljón manns hefur hrakist að heiman í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umsóknarfresti er nú lokið: 105 þúsund sóttu um leiðréttingu

EFNAHAGSMÁL Alls bárust 69 þúsund umsóknir um leiðréttingu verðtryggðra lána frá 105 þúsund einstaklingum en umsóknarfrestur rann út á mánudag.

Vinnsla umsókna er nú þegar hafin hjá Ríkisskattstjóra og er gert ráð fyrir að henni ljúki á nokkrum vikum. Í framhaldinu verður fjárhæð til lækkunar á höfuðstól verðtryggðra fasteignalána ráðstafað inn á lán eftir að samþykki umsækjenda fæst með rafrænni undirritun. -ih



ÓSÁTTIR Mót mælandur eru stuðningsmenn fyrrverandi kriketkappans Imrans Khan sem nú er einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Krefjast afsagnar Sharifs forsætisráðherra vegna spillingar:

Mótmælendur sitja um þinghúsið

PAKISTAN, AP Pakistanskir þingmenn fylktu sér á bak við Nawaz Sharif, forsætisráðherra Pakistans, á neyðarþingfundi í gær vegna þúsunda mótmælenda sem brotist hafa gegnum girðingar umhverfis þinghúsið og hafa komið upp tjaldbúðum á lóð þinghússins. Mótmælendur krefjast afsagnar Sharifs vegna spillingar.

Á þingfundinum lýstu þingmenn yfir stuðningi við Sharif og kallaði innanríkisráðherra landsins mótmælendur hryðjuverkamenn. -ih

Norræna ráðherranefndin: Styrkja samstarf vísinda og lista

SAMFÉLAGSMÁL Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að veita um 26 milljónir króna til nýs verkefnis, KONNECT.

Um er að ræða fjögurra daga vinnubúðir þar sem listnemar og vísindamenn vinna saman, skiptast á upplýsingum og skoðunum og móta hugmyndir að nýjum verkum sem varpa ljósi á alls kyns mikilvæga þætti sjálfbærni og umhverfis.

Stofnun Sæmundar fróða og Listaháskóli Íslands hafa forystu um verkefnið sem nær til allra Norðurlandanna. -ih

Aldrei fleiri ferðamenn: Þegar orðnir fleiri en 2012

FERÐAÞJÓNUSTA Ferðamenn sem komið hafa til Íslands það sem af er ári eru nú þegar orðnir fleiri en komu allt árið 2012.

Alls komu 153.400 ferðamenn til landsins í ágúst samkvæmt tölningu Ferðamálastofu í Leifsstöð sem gerir tæplega 700 þúsund ferðamenn frá áramótum. Ferðamönnum hefur fjölgað um 133 þúsund miðað við sama tímabili í fyrra.

Ferðamönnum í ágúst fjölgaði um 16,4 prósent milli ára. Aldrei hafa fleiri ferðamenn komið til landsins í einum mánuði. -ih

Bláberin bregðast á Vestfjörðum í ár

Aðalbláber eru á undanhaldi í vestfirsku berjalyngi í ár. Hinn landlægi birkifeti er líklegast farinn að dreifa sér um Vestfirði. Brúnar og uppétnar brekkur við Djúpið og á Suðurfjörðum. Við Inndjúpið hefur næturfrost síðan leikið berin illa.

NÁTTÚRA „Það er bara eiginlega ekkert um aðalbláber hérna,“ segir Salbjörg Þórbergsdóttir frá Súðavík. Hún hefur tínt bláber í marga áratugi en man ekki svo magra berjatíð eins og þessa í ár.

Því miður er þetta svipuð saga og viðmælendur Fréttablaðsins hafa að segja úr Inndjúpinu, Gufudal í Reykhólahreppi og frá suðurfjörðunum.

„Mest af þessum aðalbláberjum sem maður þó finnur eru brún og skemmd,“ segir hún.

Haustið í fyrra var rýrt en hún segir þetta ætla að verða sýnu verra.

Hún segir ennfremur að ástæðan kunnist vera sú að mikil vætu- tíð ríkti í sumar en svo er ekki loku fyrir það skotið að birkifetinn sé farinn að láta til sín taka við Djúpið eins og víðar annars staðar.

Á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands segir frá þessum vágæsti. Nokkuð fór að bera á honum árið 2008 en þá skildi hann bláberjalynng eftir brúnt og upp- étíð í Dölum, á Snæfellsnesi og á nokkrum stöðum á Vestfjörðum.

„Ég er ekki frá því að hann sé farinn að teygja sig hing- að yfir,“ segir Salbjörg sem séð hefur brekkur í slíku ástandi við Álftafjörðinn.

Guðmundur Bjarnason, sem fór í bláberjatíslu við rætur Hálfðans



ILLA FARIÐ EFTIR BIRKIFETA Svona lék birkifetinn annars góða bláberjabrekku í Meðaldal við Dýrafjörð í fyrra. MYNDIR/ERLING ÓLAFSSON

við Bíldudal, segir svipaðar fregnir þaðan.

Ekki er þó hægt að kenna birkifeta um allt bláberja- hallæri því við bæinn Skjaldfönn í botni Ísa- fjarðardjúps eru engin ummerki um hann en þó er lyng laust við kræsileg bláber.

„Venjulega gat maður farið rétt upp fyrir bæinn til að ná í eftirrét en því er ekki að heilsa í ár,“ segir Kristbjörg

Lóa Arnardóttir á Skjaldfönn. Þar kom líka næturfrost í síðustu



AD SNÆDINGI Lirfa birkifeta leggst á lyngið.



„Mest af þessum aðalbláberjum sem maður þó finnur eru brún og skemmd.“

Salbjörg Þórbergsdóttir.

viku sem lék illa þau fáu ber sem þó voru til.

Hafrós Huld Einarisdóttir frá Fremri-Gufudal segir að lítið sé að hafa í dalnum sem venjulega er þó afar bláberjagjöfull.

jes@frettabladid.is

Kymco MXU 700 loksins komið



Götuskráð tveggja manna öflugt fjórhjól. Fullkomið í vinnu, veiði eða leik.

Borgartún 36 • 105 Reykjavík
588 9747 • www.vdo.is



Forsætisráðherra sér fram á einhverja mestu kaupmáttaraukningu í Evrópu: Fimm þúsund ný störf síðasta árið

EFNAHAGSMÁL „Ef menn bera gæfu til að gera samninga til að varðveita stöðuleikann í hagkerfinu þá sjáum við verulega kaupmáttaraukningu á Íslandi. Meiri en líklega í nokkru öðru Evrópulandi,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra í samtali við Bylgjuna í gær.

Sigmundur Davíð sagðist vera mjög bjartsýnn á stöðu efnahagsmála enda væri atvinnuleysi og verðbólga með minnsta móti auk þess sem hagvöxtur væri einhver sá mesti í Evrópu. „Bara síðasta árið hafa orðið til fimm þúsund ný störf á Íslandi“ sagði Sigmundur Davíð.

Forsætisráðherra sagði einnig ekkert því til fyrirstöðu að hratt yrði hægt að vinna að afnámi hafta um leið og samningar við slitabú föllnu bankanna næðust. „Langflest er orðið tilbúið til þess að setja þetta ferli af stað og láta þetta ferli ganga hratt fyrir sig ef aðstæður eru fyrir hendi. Ekki hvað síst varðandi nauðasamningana,“ sagði Sigmundur Davíð.

69 þúsund umsóknir bárust vegna leiðréttinga verðtryggðra fasteignalána. Aðspurður hvort aðilar fengju greidda lægri upphæðir vegna þess hve margir hafi sótt um leiðréttingu sagði Sigmundur Davíð að tuttugu milljörðum hafi verið úthlutað á fjárlögum þessa árs verkefnisins.

„Það liggur ekkert fyrir um að það muni ekki duga til en ef að upp kemur sú staða þá skoða menn hvernig bregðast þurfi við því“ sagði Sigmundur Davíð.



BJARTSÝNN Sigmundur Davíð Gunnlaugsson segist sjá fram á bjartari tíð í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öruggasti sportjeppinn

- búinn skynvæddu fjórhjóladrifi og
Ford SYNC samskiptakerfi



> FORD KUGA TITANIUM AWD

Yfirburðir Ford Kuga liggja í óviðjafnanlegum aksturs-
eiginleikum, fyrsta flokks öryggi og hámarks þægindum.

Ford Kuga er öruggasti jeppinn í sínum flokki.* Skynvætt fjórhjóladrif og
Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir
GSM síma og neyðarhringingu er staðalbúnaður.

Komdu og prófaðu öruggasta sportjeppann.

FORD KUGA AWD

BEINSKIPTUR MEÐ DÍSLVÉL

FRÁ **5.790.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR MEÐ DÍSLVÉL

FRÁ **6.290.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR MEÐ BENSÍNVÉL

FRÁ **6.190.000** KR.



ford.is



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um staðalbúnað Ford Kuga?

Meðal staðalbúnaðar Ford Kuga er: skynvætt fjórhjóladrif, Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu, Titanium leðuráklæði á slitflötum sæta, 17" Titanium álfelgur, uppþitanleg framrúða, starthnappur, regnskynjari í framrúðu og langbogar með álútliti. Síðan er að sjálfsgöðu hægt að sérpanta. Ford Kuga hefur sérstöðu í úrvali og verði aukabúnaðar. Afgreiðslutími sérpantana er einnig styttri en almennt gerist. Pantaðu bílinn eins og þú vilt hafa hann! Það er margt í boði. Við mælum með að þú byrjir á að kíkja við í reynsluakstur - við tökum vel á móti þér!

Ford Kuga AWD 2,0 TDCI dísil 140 hó. 6 gíra beinsk./6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,7/6,1 l/100 km. CO₂ losun 149/159 g/km.

Ford Kuga AWD 1,6i EcoBoost bensín 182 hó. 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,7 l/100 km. CO₂ losun 179 g/km.

Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. *Samkvæmt öryggisprófunum Euro NCAP.

SVONA ERUM VIÐ



158 tonn af vindlingum hafa verið flutt inn á fyrstu sjö mánuðum ársins.

Fyrir fimm árum var innflutningurinn 207 tonn.

Bæjarstjóri segir eðlilegt að mökum bæjarfulltrúa hafi verið boðið með á tónleika Justins Timberlake:

Frímiðar maka hluti af fjölskyldustefnu

STJÓRNSÝSLA „Þeir fengu verð sem tók mið af gjaldskrá Kórsins og Fífunnar,“ segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs um verð sem Sena greiddi fyrir leigu á Kórnum vegna tónleika Justins Timberlake.

Ármann bað sjálfur um að Kópavogsbær fengi miða á tónleikana frá Senu. „Mér fannst alveg nauðsynlegt í ljósi þess að þeir aðilar sem koma til með að móta stefnu og framtíð hússins væru þarna á staðnum,“ segir Ármann.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

með á tónleikana segir Ármann: „Það er nú þannig að tónleikarnir voru á sunnudagskvöldi og það

Kópavogsbær fékk þrjátíu miða á tónleikana og þar af fóru 22 til bæjarfulltrúa og maka.

Aðspurður hvers vegna makar bæjarfulltrúa hafi þurft að koma

er kannski partur af okkar fjölskyldustefnu að makar komi með. Mér finnst það eðlilegt.“

Sigurjón Jónsson, varabæjarfulltrúa Framsóknarflokksins í Kópavogi, finnst siðareglur bæjarins hafa verið brotnar með því að fá miðana að gjöf.

Sigurjón óskaði sjálfur eftir miðum á tónleikana frá Kópavogsbæ ásamt maka þegar bæjarfulltrúum budust miðar en fékk ekki. „Það voru vissulega mistök að bregðast svona við þessum



„Það voru vissulega mistök að bregðast svona við þessum tölvupósti í fljótferni.“

Sigurjón Jónsson.

tölvupósti í fljótferni án þess að hafa kynnt mér siðareglur bæjarins,“ segir Sigurjón. - ih/þp



KAPPRÆÐUR Alex Salmond, til hægri, ásamt sambandsmáttákninum Alistair Darling skömmu fyrir sjónvarpskappræður.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alex Salmond er ánægður: Sjálfstæði ekki langt undan

SKOTLAND Alex Salmond, forsætisráðherra skosku heima-stjórnarinnar, segir að sjálfstætt Skotland hafi aldrei verið eins nálægt því að verða að veruleika og núna.

Í nýrri skoðanakönnun kemur fram að bilið á milli þeirra sem eru fylgjandi sjálfstæði frá Bretlandi og þeirra sem eru á móti hefur minnkað. Í viðtali við BBC segir Salmond að fólk sem hefur aldrei tekið þátt í stjórnmálum hafi láti sig málið varða.

Kosið verður um það hvort Skotland verði sjálfstætt ríki 18. september næstkomandi. - fb

Obama heimsækir Eistland: Vonast eftir stuðningi

EISTLAND, AP Eistlendingar vonast til að fá mikinn stuðning frá Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, þegar hann kemur í opinbera heimsókn til landsins í dag. Eistlendingar hafa áhyggjur af íhlotun Rússa í Úkraínu þar sem mikil átök hafa verið að undanförunu. Önnur Eyrstrasaltsríki hafa deilt með þeim þessum áhyggjum.

„Bandaríkjamenn eru að senda frá sér mjög sterk skilaboð með því að líta öryggismál samherja sinna í NATO alvarlegum augum,“ sagði eistneski hershöfðinginn Riho Terras. - fb

Sveitarfélagið Ölfus neitar að afhenda útboðsgögn

Ölfus neitar að gefa Íslenska gámafélaginu gögn um útboð á sorpmálum. Gámaþjónustan bauð lægst og fékk verkið. Úrskurðarnefnd tekur undir með Íslenska gámafélaginu en sveitarfélagið ætlar að kæra þann úrskurð.

SAMKEPPNISMÁL Sveitarfélagið Ölfus neitar að afhenda útboðsgögn vegna útboðs sem fram fór nýlega, en þar samdi sveitarfélagið við Gámaþjónustuna. Íslenska gámafélagið vill fá að sjá hvaða forsendur lágu að baki útboði Gámaþjónustunnar. Úrskurðarnefnd um upplýsingamál tekur undir með Íslenska gámafélaginu og úrskurðaði að sveitarfélaginu væri skylt að afhenda Íslenska gámafélaginu gögnin. Enn neitar sveitarfélagið að afhenda gögnin og ætlar sér að fara með málið til dómstóla. „Það er með ólíkindum hvernig haldið er á þessu máli,“ segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins.

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál gaf út það úrskurðarorð þann 24. júlí síðastliðinn að sveitarfélaginu sé skylt að láta Íslenska gámafélaginu í té þau gögn sem Gámaþjónustan lagði til grundvallar tilboði sínu. Tilboð vegna umrædds útboðs voru opnuð 23. desember í fyrra. Sveitarfélagið hafnaði þeirri kröfu og krafðist þess að réttaráhrifum úrskurðarins yrði frestað. Á það féllst úrskurðarnefndin ekki heldur og kvað upp þann úrskurð þann 13. ágúst síðastliðinn.

Gæta hagsmuna einkafyrirtækis Gunnsteinn R. Ómarsson, bæjarstjóri Ölfuss, segir hagsmunum sveitarfélagsins í þessu máli óverulega en að sama skapi séu hagsmunir viðsemjanda Ölfuss, Gámaþjónustunnar, nokkuð ríkir. Þegar hann er spurður hvers vegna bæjarfélagið vilji ekki ganga að úrskurði nefndarinnar segir hann það hagsmunum og ósk Gámaþjónustunnar. „Við gerum þetta vegna þess að viðsemjandi okkar telur álitamál hvort eigi að

→ Veltu fyrir sér hæfi bæjarstjóra

Anna Björg Nielsdóttir, formaður bæjarráðs, segir þetta málið ekki hafa komið inn á borð bæjarráðs en bæjarstjórn hafi verið upplýst um stöðu mála. Hún segir að bæjarráð hafi skoðað það hvort Gunnsteinn hafi verið hæfur til að halda á málinu sökum þess að hann er tengdur starfsmönnum Gámaþjónustunnar fjölskylduböndum. Að öðru leyti vildi hún ekki tjá sig um málið að þessu sinni.

láta í té þessar upplýsingar og óskar eftir því að haldinn sé trúnaður við fyrirtækið,“ segir Gunnsteinn. „Beinir hagsmunir sveitarfélagsins eru óverulegir hvað þetta málið varðar. Það er verið að verða við þeirra óskum og þeirra hagsmunir eru kannski ríkari í þessu máli.“

Þegar Gunnsteinn er spurður að því hvar ákvörðun hafi verið tekin innan sveitarfélagsins um að ganga svona langt með málið og andmæla úrskurðarnefnd um upplýsingamál, segir hann það ekki hafa verið gert opinberlega. Hvorki bæjarstjórn né bæjarráð Ölfuss hefur tekið málið fyrir með formlegum hætti. „Framkvæmdastjóri sveitarfélagsins tekur þessa ákvörðun í samráði við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins en þetta hefur ekki verið bókað í fundargerðum sveitarfélagsins.“

Gámaþjónustan borgar málaferli Hinn 20. ágúst síðastliðinn var skrifað undir samning milli Gámaþjónustunnar og sveitarfélagsins Ölfuss, þess efnis að sveitarfélagið skuldbindur sig til að höfða mál til ógildingar á úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Gáma-



ÖLFUS Formaður bæjarráðs segir í samtali við Fréttablaðið að bæjarstjórn hafi skoðað hvort bæjarstjóri hafi verið hæfur til að halda á málinu sökum tengsla við starfsmenn Gámaþjónustunnar.

„EKKI VERIÐ AÐ GÆTA HAGSMUNA ÖLFUSS“

Ármani Einarssyni, fulltrúa D-listans í minnihluta, finnst afar skrítið hvernig meirihlutinn hefur haldið á þessu máli og vill fá formlegar umræður um málið í bæjarstjórn. „Þetta hefur ekki komið inn á okkar borð og mér þykir það mjög skrítt vinnubrögð. Þetta er eiginlega algjör della hvernig á málum er haldið,“ segir Ármann.

Hann spyr sig hvaða hagsmuna sé verið að gæta með þessum vinnubrögðum. „Ég vil fá öll gögn upp á borðið. Úrskurðarnefnd hefur sagt bænum að sýna gögnin og þá á hann að sjá sóma sinn í að gera það. Það er alveg ljóst að það er ekki verið að gæta hagsmuna bæjarbúa.“

þjónustan er ekki aðili málsins en hefur „umtalsverða hagsmuni af niðurstöðu málsins“ eins og segir í samningnum. Gámaþjónustan skuldbindur sig á móti til að greiða allan þann kostnað sveitarfélagsins sem hlýst af málarekstrinum fyrir dómstólum.

Þegar Gunnsteinn er spurður hvort hann sé á nokkurn hátt tengdur Gámaþjónustunni persónulega segir hann: „EKKI eru nú persónuleg tengsl milli mín og Gámaþjónustunnar sem fyrirtækis beint, en

ég get alveg viðurkennt það að ég á fjölskyldumeðlimi sem starfa hjá þessu fyrirtæki, báðir foreldrar mínir og bróðir.“

Þegar hann er spurður að því hvort hann hafi á einhverjum tímapunkti í þessu ferli hugað að því hvort hann væri vanhæfur til að standa að þessu máli telur hann svo ekki vera. „Í ljósi þess að þetta varðar ekki fjárhagslega hagsmuni sveitarfélagsins hef ég ekki talið ástæðu til þess.“

sveinn@frettabladid.is

Ný námskeið

Hefjast í næstu viku

- Morgunþrek
- Kvinnaleikfimi
- Karlaleikfimi
- 60 ára og eldri
- Jóga
- Zumba (nýr tími 17:30)
- Í formi fyrir golfið
- HL klúbburinn

Upplýsingar í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

HEILSUBORG

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108
Reykjavík • Sími 560 1010

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 32°	Friedrichshafen 19°	New York 29°
Apena 29°	Gautaborg 20°	Orlando 32°
Basel 23°	Kaupmannahöfn 20°	Ósló 21°
Berlín 21°	Las Palmas 26°	París 24°
Billund 20°	London 22°	San Francisco 22°
Frankfurt 22°	Mallorca 33°	Stokkhólmur 20°

Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

FÖSTUDAGUR
SV-læg 3-14m/s.

BREYTILEG ÁTT og vætusamt í dag en léttir til A-lands síðdegis. Bjartviðri víða um land á morgun en þykkar upp á ný á föstudag og tekur að rigna. Hiti 7-16 stig næstu daga en svo eru hitatölur heldur á uppleið þegar nær dregur helgi.

Vordís Eiríksdóttir
veðurfréttamaður

Auglýsingaábyrgðingur FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonlaf@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sværri Birgir Sværriðsson sværri@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnarr Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Umhverfsvottuð hestöfl

Aníta er hestakona. Gammur er hestur. Á Gammi kemst Aníta í tengsl við náttúruna. Gammur kann að meta það. Stundum langar þau að komast fjær hestúsinu. Þá þarf bíl og ólíkt Gammi þarf bíllinn olíu. Þess vegna eru Aníta og Gammur ánægð með ISO-vottaðar stöðvar N1 sem bjóða upp á jákvæðari orku – VLO-blandaða díselolíu sem minnkar útblástur og eykur endingu vélarinnar.

Það er stórt skref í átt að umhverfsvænni þjónustu.



ÍST ISO 14001

Hjá N1 eru níu þjónustustöðvar og eitt hjólbarðaverkstæði ISO-umhverfsvottaðar starfsstöðvar – og það eru fleiri á leiðinni.

CH₄

Þjónustustöð N1 á Bíldshöfða býður ökumönnum umhverfsvænt íslenskt metan.



Vetnisblönduð lífræn olía dregur úr útblæstri koltvísýrings. Hún er í boði á flestum af 98 útsölustöðum N1.

1000 km

Aníta tók þátt í 1.000 km þeysireið yfir sléttur Mongólíu með góðum árangri. Með þessu þrekvirki safnaði hún fé fyrir Barnaspítala Hringsins og Cool Earth verkefnið.

Hluti af umhverfinu



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir bókin sem Andri Snær Magnason fékk Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin fyrir?
2. Hversu mörg tonn af kaffi voru flutt til landsins á síðasta ári?
3. Hvað ætlar sundkonan Ragnheiður Bjarnadóttir að læra í Los Angeles?

SVÖR:
3. Kvímyndaleik.
2. 2.354 tonn.
1. Tímakstan.

Bandaríkjaher gerði loftárás á bíl með leiðtoga Al Shabab um borð:

Bifreið Godane sprengd upp

SÓMALÍA, AP Leiðtogi öfgahreyfingarinnar Al Shabab var í annarri af tveimur bifreiðum sem urðu fyrir loftárás Bandaríkjahers í Sómalíu á mánudag. Ekki hefur hins vegar fengist staðfest hvort leiðtoginn, Ahmed Abdi Godane, hafi látist í árásinni, en vitað er að sex hafi fallið.

Bílarinn var á leiðinni til strandbæjarinnar Barawe, þar sem Al Shabab er með höfuðstöðvar, þegar árásin var gerð. Hreyfingin Al Shabab varð alræmd fyrir ári þegar hún

6 voru drepnir í loftárás Bandaríkjahers.

rédst inn í verslunarmiðstöðina Westgate Mall í Naíróbí í Kenía og drap að minnsta kosti 67 manns.

Ahmed Abdi Godane er andlegur leiðtogi Al Shabab. Undir hans leiðsögn hóf hreyfingin samstarf við hryðjuverkasamtökin Al Kaída. Árið 2012 buðu bandarísk stjórnvöld 800 milljóna króna verðlaunafé fyrir upplýsingar sem myndu leiða til handtöku Godane.



MEÐLIMUR AL SHABAB Sex meðlimir öfgahreyfingarinnar voru drepnir í loftárás Bandaríkjahers á mánudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr framkvæmdastjóri:

Evrópustofa opnuð á ný

SAMFÉLAGSMÁL Evrópustofa var opnuð á ný um mánaðamótin en stofunni var lokað í ágúst eftir að almannatengslafyrirtækið Athygli hætti aðkomu að rekstrinum. Athygli hafði rekið Evrópustofu í samstarfi við hið þýska Media Consulta.

Nú mun Media Consulta eitt reka Evrópustofu, sem er upplýsingaskrifstofa ESB.

Dóra Magnúsdóttir hefur einnig tekið við sem framkvæmdastjóri Evrópustofu.

- ih

Braust inn og hótaði lífláti: Barði karlmann með leikfangi

LÖGREGLUMÁL Baldri Kolbeinsyni er gefið að sök að hafa brotist inn í hús við Fífuhvamm í Kópavogi og ráðist þar á húsráðanda og hótað honum og fjölskyldu hans lífláti.

„Hann lamdi hann með eins konar dótageislasverði,“ sagði eiginkona mannsins sem fyrir árásinni varð við vitnaleiðlu í Héraðsdómi Suðurlands í gær. Ríkissaksóknari höfðar nú samtals þrjú mál gegn Baldri. Hann er einnig ákærður fyrir fólksulega árás á samfanga sinn ásamt því að hafa ráðist á og troðið mannsaur í munn annars samfanga síns.

- sks



BRETT OG NAGHEMEH KING

Foreldrar losna úr haldi:

Fá að hitta son sinn aftur

LONDON, AP Breskir saksóknarar hafa dregið til baka handtökuheimild sem var gefin út á hendur bresku pari sem flutti veikan fimm ára son sinn af sjúkrahúsi þrátt fyrir mótbáru lækna.

Foreldrarnir ferðuðust með drenginn, sem er með heilaæxli, til Spánar. Þar ætluðu þeir að selja fasteign til að geta borgað fyrir geislameðferð í Tékklandi eða í Bandaríkjunum. Þau voru handtekin á Spáni og hefur málið vakið mikla athygli í Bretlandi. Faðir drengsins hefur m.a. gagnrýnt aðgerðir lögreglunnar.

- fb

Orkuveitan vill losna við Þingvallabústaði

Stjórn Orkuveitunnar er hætt við sölu gamalla sumarhúsalóða í landi Nesjavalla við Þingvallavatn og vill bústaðina burt. Mikilvægt sé fyrir Nesjavallavirkjun að OR eigi strandlengjuna. Sumarhúsaeyndur eru ósáttir en hafa tapað kærumáli.

FASTEIGNIR „Að mínu mati á Orkuveitan ekki að vera í starfsemi af þessum toga,“ segir Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, um þá ákvörðun að „ljúka nýtingu“ landsins í Nesjavöllum fyrir sumarhús.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir að þegar Hitaveita Reykjavíkur hafi keypti Nesjavelli árið 1964 hafi verið yfirteknir sex leigusamningar um sumarhúsalóðir. Að auki hafi verið gerðir þrjú samningar um sumarhúsalóðir við seljandann og venslafólk hans. Gildistími samninganna sé ýmist 50 eða 99 ár. Samningar til 50 ára hafi verið til 2013 og 2014. Leigan var óverðtrygð. „Leigan endurspeglar ekki verðmæti lóðanna, að mati kunnugra,“ segir Eiríkur.

Stjórn Orkuveitunnar ákvað í apríl 2012 að selja sumarhúsalóðirnar. Eigendur sumarhúsanna vildu hins vegar ekki kaupa lóðirnar heldur leigja áfram og greiða 70 þúsund krónur á ári í leigu. Í kærnu eigenda eins sumarhúsastadarsins til Kæruneftndar húsamála er bent á að lóðaleiguhafar séu annaðhvort upphaflegir leigutakar eða afkomendur þeirra.

„Fólkið hafi eins og nærri megi geta bundist svæðinu afar sterkum tilfinningalegum böndum og geti ekki hugsað þá hugsun til enda að missa frá sér sumarhús sín eftir allan þennan langa tíma,“ segir í umfjöllun kæruneftndarinnar sem vísaði málinu frá.

Stjórn OR ákvað nú í júní að hætta við sölu lóðanna og hætta að nýta þær undir sumarhús.



SUMARHÚS Í LANDI NESJAVALLA Eigendur sumarhúsanna sem nú þurfa að víkja segja fjölskyldurnar þar hafa bundist svæðinu sterkum tilfinningaböndum síðustu sextíu árin.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Segir Eiríkur það hafa verið eftir að farið hafi verið yfir umhverfismál á svæðinu. Sagt er mikilvægt vegna hagsmuna Nesjavallavirkjunar að Orkuveitan ráði yfir strandlengjunni þar sem bústaðir standa.

Eiríkur segir lóðirnar í grennd við afkastamesta vatnsból á landinu, kaldvatnsból við Grámel. Ekki hafi verið skilgreint vatnsverndarsvæði í kringum vatnsbólid enn sem komið er þar sem vatnið hafi að langmestu leyti verið nýtt til upphitunar í Nesjavallavirkjun fyrir hitaveituna.

„Ekki er víst að svo verði um alla framtíð. Þá eru lóðirnar innan áhrifasvæðis Nesjavallavirkjunar og tryggara talið að halda þeim í eigu OR,“ útskýrir Eiríkur.

Haraldur Flosi bendir á að lóðir standi á afar eftirsóttum stað við Þingvallavatn. „Það er vandratað



sameiginlegum gæðum til einstaklinga.

Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

fyrir fyrirtæki í opinberri eigu að úthluta slíkum sameiginlegum gæðum til einstaklinga,“ segir stjórnarformaðurinn sem kveðst þess utan telja að tíma og athygli starfsmanna Orkuveitunnar sé betur varið í annað en útleigu sumarhúsalóða.

gar@frettabladid.is

Stjórnendur leikskóla semja

KJARAMÁL Félag stjórnenda leikskóla og Samband íslenskra sveitarfélaga skrifuðu í gær undir kjarasamning. Samningurinn er til þrettán mánaða og gildir frá fyrsta maí 2014.

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, segir að með samningnum sé búið að koma launum leikskólustjórnenda á eðlilegri braut miðað við undirmenn þeirra. Nú taki við aðgerðaaætlun sem eigi að miða að því að jafna kjör og starfsumhverfi skólustjórnenda milli skólastiga að sögn Ingbjargar.

- ih



HALDA Á LÍKI Heilbrigðisstarfsmenn flytja lík manns sem talið er að hafi dáið af völdum ebólu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Slæmt ástand í V-Afríku:

Baráttan gegn ebólu að tapast

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Samtökin Læknar án landamæra segja að heimsbyggðin sé að tapa í baráttunni gegn ebóluleirunni. Þau bæta við að ástandið hjá meðferðarstöðvum í Vestur-Afríku sé orðið þannig að þangað komi fólk til að „deyja eitt og yfirgefið“. Í Líberíu hefur verið greint frá því að annar bandarískur læknir hafi smitast af veirunni.

Joanne Liu, forseti Lækna án landamæra, segir að samtökin ráði ekkert við útbreiðslu ebólu í fjórum vestur-afrískum löndum og kallar eftir meiri aðstoð til að berjast gegn veirunni.

- fb

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur



Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

FUJITSU

LIFEBOOK



VIÐ BJÓÐUM
UPP Á NETGÍRÓ



Punn, létt og hljóðlát með 11 tíma rafhlöðuendingu á einni hleðslu

Auk þess að vera einstaklega þunn og létt þá er Fujitsu LIFEBOOK U574 með rafhlöðu sem endist í allt að 11 klst. og virkni fyrir þá kröfuhörðustu.

- Örpunn og fislétt Ultrabook (1.6 Kg)
- 13,3" LED skjár með glampavörn
- Intel Core i5 4200M 2,5 GHz
- 8 GB minni stækanlegt í 16GB
- SATA 128 GB SSD geymsluminni



139.990

U574 **VERD** **ÁÐUR** ~~179.990~~

Staðalbúnaður í öllum Fujitsu LIFEBOOK-vélunum



Anytime USB gerir þér kleift að hlaða síma í tölvunni þó að það sé slökkt á henni.



Vökvavarið lyklaborð í fullri stærð, með sér-íslenskum stöfum



Innbyggð háskerpu vefmyndavél.



Windows 8.1 Home fylgir Fujitsu Lifebook

Japanskt hugvit – Þýsk framleiðsla



FUJITSU
LIFEBOOK

Ötrúlegt verð!



46.990

VERD **ÁÐUR** ~~59.990~~

A512

Traust fartölva í alla almenna tölvuvinnslu

A512 er einstaklega áreiðanleg fartölva til allra almennra nota. Flott vél fyrir námsmenn og þá sem þurfa vél á góðu verði.

- Intel Celeron 1000M 1.8GHz örgjörvi
- 4 GB minni stækanlegt í 16GB
- 15,6" LED skjár með glampavörn
- 320 GB harður diskur
- Les og skrifar DVD diska



*á höfuðborgarsvæðinu!



FUJITSU
LIFEBOOK

15,6" Snertiskjár



124.990

VERD **ÁÐUR** ~~139.990~~

AH564

Frábær í margmiðlunarvinnslu og kröfuharða leiki

Auk annarra kosta LIFEBOOK-linunnar er AH564 með snertiskjá og enn öflugra skjákort. Vél með mikla afkastagetu í margmiðlunarvinnslu og kröfuharða leikina.

- Intel Core i3 4000M 2,4 GHz
- 4 GB minni stækanlegt í 16GB
- NVIDIA GeForce GT 720, 1GB skjákort
- 500 GB harður diskur
- Les og skrifar DVD diska



FUJITSU
LIFEBOOK

4GB DDR3

85.990

VERD **ÁÐUR** ~~99.990~~

8GB DDR3

114.990

VERD **ÁÐUR** ~~139.990~~

A544 i3 // A544 i5

Fyrir þá sem vilja trausta tölvu í alhliða vinnslu

Ef þú ert að leita að áreiðanlegri fartölva á góðu verði er A544 rétta lausnin. Hún kemur í tveimur útgáfum með Intel Core i3 eða i5 örgjörva og 4 eða 8 GB innra minni.

- Intel Core i3 eða i5
- 4 eða 8 GB minni stækanlegt í 16GB
- 15,6" skjár með glampavörn
- 500 GB harður diskur
- Les og skrifar DVD diska

Sendum frítt heim strax í kvöld!*

heimkaup.is



Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

HEIMKAUP

Framsókn missir tólf þingmenn

Framsóknarflokkurinn fengi hvorki þingmann í Reykjavík suður né Reykjavík norður ef kosið væri nú, samkvæmt könnun Fréttablaðsins. Sterkasta vígi flokksins er í Norðausturkjördæmi þar sem formaður flokksins bauð sig fram. Þáratar myndu tvöfalda þingmannafjölda sinn.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



STJÓRN MÁL Framsóknarflokkurinn fengi hvorki þingmann kjörinn í Reykjavík suður né Reykjavík norður miðað við könnun sem Fréttablaðið gerði dagana 27. og 28. ágúst og 1. september. Samkvæmt könnuninni fengi flokkurinn kjörna sjö menn á Alþingi ef kosið væri í dag, en fékk 19 menn í síðustu kosningum. Þáratar hafa bætt við sig verulegu fylgi frá því í kosningunum. Þeir fengu þrjá menn kjörna inn á þing en myndu fá sex ef kosið væri nú.

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti flokkurinn, fengi kjörna 20 menn en fékk 19 í kosningunum í fyrravor. Miðað við niðurstöður könnunarinnar er staða Sjálfstæðisflokksins sterkust í Suðvesturkjördæmi, Reykjavík suður og Suðurkjördæmi. Hann fengi kjörna fjóra menn í hverju þessara kjördæma. Verst er staða hans í Norðausturkjördæmi.

Norðausturkjördæmi er aftur á móti sterkasta vígi Framsóknarflokksins, þar sem flokkurinn fengi þrjá þingmenn kjörna, fleiri en í nokkru öðru kjördæmi.

Spurt var hvaða flokk eða framboð myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú. Í könnuninni var einnig spurt hvað fólk hafði kosið í síðustu kosningum. Séu svörin borin saman sést að þeir kjósendur

ur sem kusu Framsóknarflokkinn í síðustu kosningum og munu ekki kjósa hann aftur munu helst kjósa Samfylkinguna eða Sjálfstæðisflokkinn.


Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík suður, segir að niðurstaða könnunarinnar komi á óvart. „En þetta er bara ein könnun og ein könnun á fjögurra ára tímabili segir ekki mikið. Þannig að ég tek henni mátulega alvarlega, einni svona könnun,“ segir Karl. Hann er ósammála Grétari Þór Eypórsyni, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri. Grétar Þór sagði í Fréttablaðinu í gær að í næsta mánuði myndi reyna verulega á Framsóknarflokkinn, þegar skuldaleiðréttingarnar verða ljósar. Það gæti orðið erfitt fyrir framsóknarmenn að ná flugi ef það myndi ekki gerast í næsta mánuði.

„Ég held að það sé ekki úrslitaatriði,“ segir Karl en bætti því við að skuldaleiðréttingarnar skiptu máli. Í lok kjörtímabilsins hljóti menn að horfa á gjörðir ríkisstjórnarinnar í heild sinni. „Og það kemur mér spáskt fyrir sjónir ef Sjálfstæðisflokkurinn er að bæta við sig en Framsóknarflokkurinn ekki,“ segir Karl.


Hann segir að Framsóknarflokkurinn hafi ekki uppskorið eins og til hafi verið sáð. Þá sýni saga flokksins að flokkurinn sé með lægri tölur í skoðanakönnunum en þegar upp er staðið.

SKIPTING PINGSÆTA MIÐAÐ VIÐ KÖNNUN NÚ OG KOSNINGAR 2013

■ Kosningar 2013



Landið allt



→ Aðferðafræði

Könnunin var gerð þannig að hringt var í 1.875 manns þar til náðist í 1.200 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki 27. og 28. ágúst og 1. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarhlutfall var 64%. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



HVAÐ GERÐIR ÞÚ UM HELGINA?



Eldsneytisnotkun og útblástur Yeti í blönduðum akstri: 4,6–8,0 l/100 km, 119–189 g/km

Á vit ævintýrana í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli. Þú getur að hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætaferfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin. Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðaðferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

ŠKODA Yeti Outdoor
kostar frá 5.220.000,-

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is

Lyfja Nýbýlavegi á afmæli

Verzlun okkar á Nýbýlavegi er eins árs og af því tilefni verða ýmsar skemmtilegar uppákomur í verzlun okkar dagana 3. - 6. september.

20% afsláttur
af öllum snyrtivörum, ilmum
og bætiefnum.

Inga Kristjáns næringarþerapisti verður á staðnum fimmtudag og föstudag kl. 15 – 18 með góðar ráðleggingar varðandi bætiefni.

Fríar beinþéttni- og blóðþrýstingsmælingar verða í boði fimmdaginn 4. september kl. 13 – 16.

Líttu við í Lyfju Nýbýlavegi.

Lyfja Nýbýlavegi 4, sími 527 2755.
Opið alla virka daga frá kl. 10–18:30
og laugardaga kl. 11–16.



Danir eru sólgirnir í skyr: Sala á skyri rýkur upp

DANMÖRK Sala á skyri eykst enn í Danmörku, samkvæmt frá-sögnum danskra fjölmiðla. Frá 2012 til 2013 jókst sala Thise Mejeri um 200 prósent en það sem af eru þessu ári hefur salan aukist um 300 prósent. Hjá Arla Food, sem einnig framleiðir skyr,



jókst salan í fyrra um 275 prósent. Arla Food framleiðir sjö til átta þúsund tonn af skyri á ári og þar telja menn að það sé

um helmingur framleiðslunnar í Danmörku.

Markaðsstjóri segir konur meirihluta viðskiptavina.

- ibs

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka þarlað tíma

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

Öfgasamtökin Íslamska ríkið með nýtt myndband: Vígamenn afhöfða annan blaðamann

BEIRÚT, AP Öfgasamtökin Íslamska ríkið sendu í gær frá sér myndband sem sýndi afhöfðun blaðamannsins Stevens Sotloff.

Þar vörðuð samtökin Barack Obama Bandaríkjaforseta við því að á meðan loftárásir Bandaríkjanna gegn samtökunum halda áfram „þá mun hnifur okkar halda áfram að sníða höfuðin af ykkar fólki“.

Bandarísk yfirvöld reyndu í gær að sannreyna hvort myndbandið væri raunverulegt eða ekki. Það var birt tveimur vikum eftir að samtökin sendu frá sér annað myndband sem sýndi annan bandarískan blaðamann gerðan höfðinu styttri, James Foley.

„Ég er mættur aftur, Obama. Ég er mættur aftur vegna hrokafullrar utanríkisstefnu þinnar gagnvart Íslamska ríkinu... Þótt við höfðum varað þig við,“ sagði vígamadurinn sem drap Sotloff.

Hinn 31 árs Sotloff var lausapenni hjá tímaritunum Time og Foreign Policy. Hann hvarf í Sýrlandi í ágúst í fyrra og hafði ekki sést fyrr en myndbandið fyrir tveimur vikum var gert opinbert. Þar var honum hótad dauða ef Bandaríkjamenn myndu ekki hætta loftárásunum sínum á samtökin í Írak. Þau hafa núna hótad að drepa annan gísl sem þau segja vera breskan ríkisborgara.

- fb



ÚR MYNDBANDINU Steven Sotloff ásamt böðlinum í myndbandinu sem var birt í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SALUR 1 Stjórnendur kvikmyndahússins hafa óskað eftir peningum til að bæta aðgengi fyrir fatlaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þurfa tvær milljónir í bætt aðgengi

Sótt hefur verið um tveggja milljóna króna styrk til að bæta aðgengi að Bío Paradís fyrir fatlaða. Endurbætur voru gerðar á hljóð- og myndkerfi bíósins á síðasta ári fyrir 47 milljónir króna án aðkomu Reykjavíkurborgar.

MENNING Stjórnendur Bíós Paradísar á Hverfisgötu hafa sótt um tveggja milljóna króna styrk til að bæta aðgengi fyrir fatlaða í kvikmyndahúsinu. Margar tröppur eru inni í húsinu og afar erfið er að koma hjólastólum inn í salina.

Í lok september kemur í ljós hvort styrkurinn verður veittur úr sjóðnum, sem stjórnendurnir vildu ekki nefna hver væri.

Á síðasta ári voru endurbætur gerðar á hljóð- og myndkerfi bíósins fyrir 47 milljónir króna. Sá peningur kom úr þremur áttum. Þriðjungur var framlag kvikmyndagerðarmanna úr Kvikmyndasjóði Íslands, þriðjungur úr Media-áætlun Evrópusambandsins og lán var tekið fyrir afganginum. Peningar fyrir bættu aðgengi fyrir fatlaða eru aftur á móti ekki til.

„Við erum ekki bara undirfjármögnuð sjálfseignastofnun, við erum líka undirmönnuð. En við höfum verið að sækja um styrki,“ segir Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, aðspurð. „Förgangsatríði, á eftir því að redda almennilegum sýningarbúnaði í húsið, var að bæta aðgengi fyrir fatlaða, ef það ætti að fara í endurbætur á húsnæðinu. Við erum að vinna í þessu og dauðskömmumst okkar fyrir að geta ekki boðið upp á almennilegt aðgengi,“ segir hún.

Fáist peningar í verkefnið stendur til að gera Sal 1 aðgengilegan og bæta salernisaðstöðuna í leiðinni fyrir fatlaða. „Salir 2 og 3 eru miklu stærra mál. Húsið er hannað þannig að það er mjög erfið að gera þá aðgengilega. Stig-



„Við erum að vinna í þessu og dauðskömmumst okkar fyrir að geta ekki boðið upp á almennilegt aðgengi.“

Hrönn Sveinsdóttir.

arnir inn í salina eru svo brattir að það þyrfti að kaupa lyftur og þær kosta tvær milljónir stykkið.“

Að sögn Hrannar voru endurbæturnar sem voru gerðar í fyrra bráðnaudsýnlegar. „Það var annaðhvort það eða að leggja niður reksturinn. Þú rekur ekki bíó í dag án þess að vera með stafrænan sýningarbúnað. Við vorum með hljóðkerfi frá 1977 og filmuvélar sem við fengum engar myndir í. Við vorum að keyra þetta á Blu-ray-diskum og myndvörpum sem voru ekki ætlaðir til bíóreksturs.“

Reykjavíkurborg veitti ekkert fjármagn til þessara endurbóta en bíóið fær fjórtán milljónir króna á ári í rekstrarstyrk frá borginni. „Innifalið í þessum peningum eru skólasýningar. Við tökum á móti átta þúsund skólabörnum frítt á hverju ári, þjóðum þeim upp á fría kennslu í kvikmyndalæsi, höldum kennslusýningar og útvegum gögn fyrir þennan pening. Styrkhlutfallið frá opinberum aðilum er undir 25 prósentum af heildarrekstrarkostnaði bíósins. Við reukum því bíóið fyrir 75 prósent sjálfsafilað fé,“ segir Hrönn.

frey@frettabladid.is

→ Slæmt í Bíói Paradís en frábært í Egilshöll

„Aðgengið er alveg hræðilegt. Ég kemst inn þar sem anddyrið og sjoppa eru en kemst ekki í neinn sal nema að fara einhverjar krókaleiðir,“ segir Andri Valgeirsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar.

„Ég fór síðast í Bíó Paradís fyrir tæpu ári þegar Nýherji var með einhverja ljósmyndasýningu. Þá reddaði Bíó Paradís rampi en án rampa er bara ekkert aðgengi þarna,“ segir hann. „Maður nennir ekkert að fara í bíó ef það er eitthvað brjáláð vesen. Mann langar bara að komast inn í salinn og njóta myndarinnar.“

Spurður út í loforð stjórnenda Bíós Paradísar um að bæta aðgengið segir hann: „Ég hef reyndar heyrt þetta hjá þeim áður en ég vona að þetta fari að ganga hjá þeim núna.“

Hvað önnur kvikmyndahús á höfuðborgarsvæðinu varðar segir hann að aðgengi fyrir fatlaða í Laugarásbíói hafi verið mjög ábótavant. Einnig þurfi að bæta aðgengi að Sal 3 í Kringlubíói og í einum sal hjá Sambíóunum Álfabakka. Jafnframt sé aðeins eitt pláss í hverjum sal í Smárabíói fyrir hjólastóla. „Það er erfið að fara þangað með hjólastólavini sínum. Það þarf að kasta upp á hver situr á stigaganginum og hver ekki,“ segir Andri.

Besta aðgengið er aftur á móti í Egilshöll. „Ég hef aldrei séð svona mikið pláss fyrir hjólastóla.“

Trefjaríkar flögur og stökkt granóla




Góð nýjung

Morgnar eru til þess að njóta! Byrjaðu daginn með skál af Havre crunch sem bæði bragðast dásamlega og uppfyllir hollustukröfur Skráargatsmerkisins. Prófaðu Havre crunch ef þér finnst bragðið skipta að minnsta kosti jafnmiklu máli og heilsan. Bragðgóð máltíð.

NJÓTTU HOLLUSTU



Nýtt!



TVEFNINU

LOKUM

≡ *í kvöld kl. 20* ≡

Við á **Domino's** ætlum að fagna góðu gengi og skemmta okkur saman í kvöld.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 20 í kvöld nema í Skeifunni en þar verður opið í alla nótt eins og venjulega. Við verðum síðan mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun. Sjáumst!

 **OPIÐ Í SKEIFUNNI**

Mundu að panta tímanlega í kvöld!

 SÍMI 58 12345  DOMINO'S APP  WWW.DOMINOS.IS

Ólík staða stjórnarflokkanna í skoðanakönnunum:

23.000 kjósendur yfirgefa Framsókn

Eftir að hafa unnið frækinn kosningasigur í þingkosningunum fyrir rúmi ári hefur Framsóknarflokkurinn, flokkur forsætisráðherra, rétt um helmingi þeirra kjósenda sem kusu flokkinn þá. Hinn helmingurinn hefur snúið baki við flokknum. Það eru um 23.000 kjósendur. Og þar með tapar flokkurinn tólf af nítján þingmönnum sínum.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Á sama tíma sækir Sjálfstæðisflokkurinn í sig veðrið, bætir við sig fjórum prósentustigum frá kosningunum. Þetta kemur allt fram í skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokkanna.

Grétar Þór Eypórsson, stjórnsmálaráðgjafi á Akureyri, sagði í samtali, að næsti mánuður

muni skipta miklu máli fyrir Framsóknarflokkinn, það er þegar skuldaleiðréttingarnar verða öllum skýrar og vitað hver fær hvað og hvernig vinnst úr þessu stóra kosningaloforði flokksins. Grétar Þór segir að nái Framsóknarflokkurinn ekki flugi þá, sé hætta á að flokkurinn nái bara ekki flugi. Sem sagt, þá eða aldrei.

En hvert fór fylgið? Augljóslega til samstarfsflokksins í ríkisstjórninni og til Samfylkingarinnar.

Og hvað hefur Framsóknarflokkurinn gert, eða ekki gert, til að verðskulda svo mikið fall? „Ef til vill er skýringin sú að menn kusu Framsóknarmenn til góðra verka, það er treyst á Framsóknarflokkinn til framkvæmda og framkvæmdin er að ganga í garð einmitt um þessar mundir. Og þá bíður fólk eftir því næsta sem Framsóknarflokkurinn ætlar að framkvæma. Og ég get lofað þér því að við munum standa okkur á þessu kjörtímabili. Það er ekki búíð. Við spyrjum að leikslokum,“ sagði Sigrún Magnúsdóttir þingflokksformaður í samtali við Vísi.

En hvers vegna eykst fylgi Sjálfstæðisflokksins þegar sótt er að honum og varaformaðurinn, Hanna Birna Kristjánsdóttir, hefur verið í vörn í allt sumar og reyndar gott lengur? Getu skammirnar og umræðan orðið flokknum til tekna. „Það getur vel verið að það sé komin ákveðin samúð til Sjálfstæðisflokksins. Að fólk finnst bara of langt gengið.“ Þetta sagði Sigrún Magnúsdóttir við Vísi í gær.

Er víst að sú skýring sé rétt? Trúlegast hefur Framsókn sótt, í síðustu kosningum, fylgi til Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar, fylgi sem nú leitast til baka. Trúlega eru þeir kjósendur að gefast upp á Framsóknarflokki – efast um að honum takist að standa við það sem hann lofaði.

Hvað sem er, þá er spennandi að sjá hvernig Framsóknarflokkurinn stendur á næstu vikum. Takist honum ekki að endurheimta sem mest af kjörfylginu kann að verða erfitt fyrir forsætisráðherrann Sigmund Davíð Gunnlaugsson að leiða ríkisstjórn með flokki sem er kannski allt að þrisvar sinnum stærri en hans eigin flokkur, samkvæmt skoðanakönnunum.

Stöðubaráttu Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar tók nú á sig nýja mynd. Samfylkingin mælist nú með rúmlega fjórðungi meira fylgi en Björt framtíð. Lengi vel var staða Bjartrar framtíðar mjög sterk og hefur kannski kallað fram andvaraleysi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Annað hljóð í strokknum

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær að ekkert hefði verið rætt um hvort tillaga um slit á viðræðum við Evrópusambandið yrði lögð fram að nýju eða ekki á komandi þingi. Hann reiknar ekki með að þjóðaratkvæðagreiðsla um málið fari fram á kjörtímabilinu. Það var í febrúar á þessu ári sem meirihluti þingmanna stjórnarflokkanna samþykkti að þingsályktunartillaga yrði lögð fram um að slíta viðræðunum. Af því tilefni sagði Gunnar Bragi að yrði

niðurstaðan sú að draga umsóknina til baka myndi það gerast þýsna hratt. Nú hefur liðið rúmt hálf ár og samkvæmt utanríkisráðherra er umsóknin „alls ekki í neinum forgangi“.

Hneykslisbræður

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, neitaði því í kvöldfréttum RÚV í gær að hafa komið í veg fyrir að Evrópa myndi sér sameiginlegan mótframbjóð-

anda í Michel Platini gegn Sepp Blatter í forsetastól FIFA. Sepp hefur sem kunnugt er verið sakaður um spillingu í embætti, ekki síst í tengslum við þá ákvörðun að úthluta heimsmeistaramótinu í knattspyrnu til Katar eftir átta ár. Geir sagðist hafa hvatt til samstöðu og að fulltrúar frá Evrópu hlustuðu á raddir fulltrúa annarra heimsálfa. Einhverjir hafa bent á að Geir hafi, líkt og Blatter, ekki setið á friðarstóli í KSÍ en nokkur hneyksli-mál hafa komið upp í valdatíð hans. Það ætti því ekki að koma á óvart að Geir væri frekar hallur undir Blatter en Platini. -fbj



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verstunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Nicotinell
20% afsláttur af Nicotinell Mint, IceMint og Spearmint. Allar stærðir og styrkleikar.

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Góðar fréttir

STJÓRN MÁL



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins

Öll el styttr upp um síðir. Það má segja að þungu fargi hafi verið létt af þjóðinni þegar ríkisstjórn Sigmundar Davíðs tók við vorið 2013. Á aðeins einu ári hefur núverandi ríkisstjórn lyft grettistaki og komið efnahagslífinu á réttan kjöl. Það eru bjartir tímar framundan á Íslandi.

Haustið 2008 var dimmur tími í íslensku þjóðlífi. Eldar brunnu á Austurvelli. Vinstri-stjórnin tók við um vorið eftir erfiðan vetur. Við hana voru bundnar miklar vonir. Skjaldborgin, sem átti að reisa um íslensk heimili, varð því miður ekki að neinu. Vinstri-stjórnin vildi skattleggja okkur út úr kreppunni og festa okkur í Icesave-skuldafangelsi. Sem betur fer gengu þau plön heldur ekki eftir.

Allt á uppleið

Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs hefur nú setið við stjórnvöllinn í rúmt ár. Fyrsta mál ríkisstjórnarinnar á haustþingi 2013 var að leggja fram þingsályktunartillögu um aðgerðir vegna skuldavanda heimila á Íslandi. Tillagan var í tíu liðum og nú að þingi loknu hefur öllum liðum hennar verið lokið eða komið í áframhaldandi farveg. Leiðréttinguna ber þar hæst en með henni er komið til móts við heimili með verðtryggð húsnæðislán með aðgerðum sem fyrri ríkisstjórn hélt fram að væru óframkvæmanlegar. Beinir niðurfærslur á höfuðstól verðtryggðra lána og möguleiki á að nýta séreignarsparnað til að greiða niður höf-

uðstól munu hjálpa heimilum með verðtryggð lán á beinan hátt með því að lækka mánaðarlega greiðslubyrði af lánum og hækka ráðstöf-unartekjur fjölskyldunnar. Heildaráhrif leiðréttingarinnar eru metin um 150 milljarðar fyrir 100 þúsund heimili. Alls bárust 69 þúsund umsóknir frá 105 þúsund einstaklingum.

Jákvæðar umsgagnir

Skuldaleiðréttingin hefur hlotið jákvæðar umsgagnir hjá erlendum lánshæfismats-fyrirtækjum, sem hafa hækkað lánshæfismat Íslands í kjölfar þess. Standard & Poor's breytti lánshæfishorfum Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar þar sem dregið hefur úr áhættu sem tengist ríkisfjármálum (janúar 2014).

Bjartsýni í stað svartsýni

Ótrúleg umskipti hafa orðið í efnahags- og atvinnulífi hér á aðeins einu ári. Hagvöxtur er nú með því mesta sem þekkest, atvinnuleysi minna en víðast hvar, verðbólga sam-bærileg við það sem er í nágrannalöndum okkar (lægri en í Noregi m.v. júlí), viðskipta-jöfnuður jákvæður, rekstur ríkissjóðs jákvæður og erlendir aðilar sýna fjárfesting-um hér aftur mikinn áhuga. Bjartsýni hefur tekið við af svartsýni og eymdarvísitalan hefur ekki verið lægri síðan 2007.

Það skiptir sannarlega máli hverjir stjórna!

Sveitarstjóri á mála hjá verktaka?

Sveitarstjóri Ölfuss, sem er náteygur fjölskyldu og vinaböndum Gámaþjónustunnar hf., neitar að afhenda samkeppnisáðilum gögn sem æðsta stjórnvald hefur úrskurðað að beri að afhenda. Sveitarstjóri gengur svo langt að fara í sameiginleg málaferli með Gámaþjónustunnar hf. til að hnekka niðurstöðu æðsta stjórnvalds.

STJÓRNSÝSLA



Jón Þórir Frantzson
forstjóri Íslenska gámafélagsins

Samkvæmt lögum um upplýsingamál hafa aðilar að útboðinu rétt á að sjá þau gögn sem sveitarfélagið byggir ákvörðun sína á um val á samningsaðila. Íslenska gámafélagið fór fram á að fá gögn afhent en er synjað án skýringar og kærir því ákvörðun sveitarstjóra til Úrskurðarnefndar upplýsingamála sem er æðsta stjórnvald í málefnum er varða aðgengi að gögnum stjórnvalda. Eftir að úrskurður lá fyrir, í tvígang, um að afhenda bæri gögnin þá ákveður sveitarstjóri að ekki skuli afhenda gögn heldur fara í sameiginleg málaferli með Gámaþjónustunnar gegn Íslenska gámafélaginu. Þetta er gert þrátt fyrir að á engan hátt sé hægt að gera sér grein fyrir hverjir hagsmunir sveitarfélagsins eru í málinu, þvert á móti ætti

gagnsæi að vera öllum til hagsbóta.

Vanhæfi?

Hér verður að staldra við og skoða hvort ekki geti verið um vanhæfi að ræða þegar sveitarstjóri semur við fyrirtæki sem móðir hans og faðir tóku þátt í að stofna og hafa unnið hjá sl. 25 ár og bróðir hans hefur starfað hjá sl. 15 ár, m.a. sem framkvæmdastjóri dótturfyrirtækisins Gámakó sem sveitarstjóri samdi einnig við um sorphirðu fyrir Rangárbíng ytra þegar hann sat þar sem sveitarstjóri.

En að minnsta kosti ber að skoða 17. gr. „Samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Ölfuss“ en þar segir m.a. um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu mála: „Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægdur aðila í beinan legg eða einum legg til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ætt-

leiðingar.“ Í lok greinar segir síðan: „Þessi regla tekur einnig til gerðra samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.“ Auðvitað eru slíkar greinar settar til að verja alla aðila sem koma að verki hvort sem er þann vanhæfa eða samningsaðilann. Hér virðist því vera um algjöran dómgreindarbrest að ræða bæði hjá sveitarstjóra og eins sveitarstjórn sem veitir honum umboð.

Með ólíkindum

Þó nokkrar spurningar vakna við þetta mál. Hvaða hagsmuni er verið að verja? Er eitthvað að fela? Hvers vegna er einum verktaka gert hærra undir höfði en öðrum? Er eðlilegt að sveitarstjóri sem er svo náteygur verktaka sjái um málefni hans? Hverjar eru siðareglur Ölfuss?

Þá virðist sem málið hafi aldrei farið fyrir bæjarráð og ákvörðun um synjunin á afhendingu gagna

hafi verið einkamál sveitarstjóra og einhverra útvaldra sveitarstjórnarmanna. Þann 20. ágúst sl. gerir síðan sveitarstjóri samning við Gámaþjónustuna hf. um að sveitarfélagið fari í mál til ógildingar á úrskurði Úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. A-541/2014 og reka málið fyrir dómstólum. Samningur þar sem sveitarstjóri bindur hendur sveitarfélagsins er undirritaður af honum einum og ekki lagður fram til samþykkis í bæjarráði, a.m.k. hefur Íslenska gámafélagið ehf. fengið afhenta stefnu frá Sveitarfélaginu Ölfus og Gámaþjónustunnar og ekkert er að finna um þetta mál í fundargerðum sveitarfélagsins.

Atburðarás þessi er með ólíkindum og ekki nema vona að almenningur í landinu beri lítið traust til stjórnmalamanna og af minna til efni hefur verið talað um spillingu, valdniðslu og afsagnir.

Hvers vegna á MR að vera öðru vísi en hann er?

Öllum finnst gott að hafa val og ekki síður frelsi til að velja. Landið okkar býður upp á það í miklu vðari skilningi en talsvert stærri ríki geta státað sig af, þess vegna þykir mörgum gott að búa hér. Það er alls ekki gefið úti í hinum stóra heimi að allir fái grunnmenntun, geti valið hvar þeir búi, tekið þátt í vali á

MENNTUN



Ásta Huld Henrysdóttir
grunnskólakennari og meistaranemi í stjórnun menntastofnana


forseta landsins og ríkisstjórn svo ég tali ekki um valið sér maka óháð kyni, litarafti og trúarskóðunum. Hvers vegna þarf þá að steypa alla skóla í sama mót?

Það getur vissulega verið kostur fyrir einhverja framhaldsskólánem-

endur að ljúka námi á þremur skólaárum eða skemur, en nú þegar geta viðkomandi nemendur líka valið skóla sem býður upp á þann möguleika. Það aftur á móti að skikka alla skóla undir sama hatt eyðir út sérkennum þeirra og gerir valið ekki eins spennandi fyrir þá sem hafa frelsið til að velja. Þessi umræða menntamálaráðherra um það að stytta námið í öllum framhaldsskólum niður í þrjú ár gengur því í berhögð við tóninn í samfélaginu okkar.

Þeir nemendur sem velja sér að stunda nám í Menntaskólanum í Reykjavík eru að velja það vegna þess að fyrirkomulagið þar er eins og það er og hefur alltaf verið. Viss gæðastimpill er á náminu þar og er hvergi slegið slöku við, ég get ekki séð miðað við námsálagið sem er þar öll árin fjögur að neinu sé hægt að þjappa saman því um leið og farið er að fella út greinar hverfa sérkennin.

Margir gagnrýna að fyrirkomulagið þar og að allar áherslur séu ekki í takt við tímann, en hvað veit maður um tímann sem framundan er og hvað í rauninni býi okkur best undir hann? Hættum að ætlast til þess að allir skólar séu steypir í sama mót, höfum valkostina eins marga og ólíka og kostur er, svo það séu í alvörunni forréttindi að hafa frelsi til að velja.



The power to do more

Hvernig týpa ert þú?

Hagsýna týpan

Verð frá: 79.990 kr.

Dell Inspiron 3542 er hagkvæm í verði en gefur ekkert eftir í gæðum.

15,6"	4GB	Celeron/i5
Skjár	Vinnsluminni	Örgjörvi

Sniðuga týpan

Verð: 109.990 kr.

Dell Inspiron 3147 er með snertiskjá sem snýst allan hringinn og er því bæði fartölva og spjaldtölva.

11,6"	4GB	Pentium
Skjár	Vinnsluminni	Örgjörvi

Þunna týpan

Verð frá: 109.990 kr.

Dell Venue Pro eru frábærar spjaldtölvur fyrir heimili og fyrirtæki.

8/11"	2GB	Intel Atom
Skjár	Vinnsluminni	Örgjörvi

Kröfuharða týpan

Verð frá: 139.990 kr.

Dell Inspiron 5547 uppfyllir kröfur þeirra sem vilja læra og leika sér.

15,6"	8GB	i5/i7
Skjár	Vinnsluminni	Örgjörvi

Frítt

Walk on Water umslag fylgir með öllum fartölvum og spjaldtölvum á meðan birgðir endast.

Verðslanir okkar eru við Guðrúnartún í Reykjavík og Tryggvabraut á Akureyri. Kíktu í heimsókn eða kynntu þér vörurnar á advania.is/skoli

Welcome to IT

HEFST
1. OKT.



GREY'S ANATOMY

HEFST
25. SEPT



THE BLACKLIST

HEFST
19. OKT.



shameless

HEFST
7. OKT.



HEFST
8. OKT.



180.000 kr.
sparnaður
á 36 mánuðum

Ljóshraðanet og heimasími

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 8.490 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!



HEFST
30. SEPT.



HEFST
7. SEPT.



HEFST
30. SEPT.



HEFST
8. SEPT.



HEFST
13. OKT.



HEFST
8. SEPT.



HEFST
12. OKT.



Skotheld dagskrá framundan í allan vetur með Stöð 2

Á Stöð 2 í vetur verður ótrúlegt úrval af gæðaþáttum í öllum flokkum; um ástir, afbrýði, lagaflækjur, nördra, valdatafl, grín og gaman að ógleymdri hörkuspennu eins og hún gerist best. Við frumsýnum fjölmargar splunkunýjar þáttaraðir sem slegið hafa í gegn erlendis.

Áhorfendur Stöðvar 2 ganga að mögnuðum stundum í sjónvarpssófanum í allan vetur.



fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

8.490 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þrjú mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift!

365.IS

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elsku eiginmanns míns,

LÚÐVÍGS BJÖRNS ALBERTSSONAR
viðskiptafræðings,
Geitlandi 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítalans við Hringbraut.

Fyrir hönd aðstandenda,
Kristjana Halldórsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langalangamma,

SIGFRÍÐUR GEORGSDÓTTIR
Bústaðavegi 105, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 27. ágúst. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 5. september kl. 13.00.

Örn S. Jónsson
Baldur Jónsson
Pétur I. Jónsson
Laufey Jónsdóttir
Emilía G. Jónsdóttir
Ólafur Jónsson
Ragnar Jónsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Friðbjörg Haraldsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Edda G. Guðmundsdóttir
Eysteinn Nikulásson
Einar Ólafsson
Kristín Guðmundsdóttir



Ástkær sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

GUÐFINNUR STEINAR EYJÓLFSSON
frá Hamrahvoli, Stokkseyri,

lést miðvikudaginn 27. ágúst sl. Útförin fer fram frá Stokkseyrarkirkju laugardaginn 6. september kl. 14.00.

Dagný Hróbjartsdóttir
Kolbeinn Guðmannsson
Eyjólfur Þórir Eyjólfsson
Hróbjartur Örn Eyjólfsson
og frændsystkini.

Júlia Adolfsdóttir
Arndís Arnardóttir
Hródný Hanna Hauksdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, og langafi,

SIGURÐUR EMIL MARINÓSSON
fyrirverandi framkvæmdastjóri
Sælgætisgerðarinnar Mónu,
Boðáþingi 5, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Boðáþingi, Kópavogi, föstudaginn 15. ágúst. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 4. september kl. 13.00.

Ágústa Kristín Sigurjónsdóttir
Jakobína Edda Sigurðardóttir
Gunnar Sigurðsson
Emilía Sigurðardóttir
Ágúst Sigurður Sigurðsson
Hjalti Sigurðarson
Sigurjón Atli Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Eiríksson
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Aðalheiður Ólafsdóttir
Hrönn Hrafnisdóttir
Jóney Hrönn Gyldadóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,

GUNNAR JÓNSSON
rafvirkjameistari,
Boðáþingi 22,

lést á Landspítalanum aðfaranótt sunnudagsins 31. ágúst. Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 5. september kl. 15.00.

Jón Gunnarsson
Unnur Helga Gunnarsdóttir
Þorbjörg Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Halla Ragnarsdóttir
Jóhannes Felixson,



Elskuleg eiginkona mín,

GUÐRÚN HALLSDÓTTIR
fyrirverandi húsfreyja, Hrauntúni,
Kvíaholti 1, Borgarnesi,

andaðist aðfaranótt 27. ágúst á Sjúkrahúsi Akraness. Útförin fer fram frá Kolbeinsstaða-kirkju föstudaginn 5. september kl. 14.00.

Rögnvaldur Guðbrandsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

KRISTÍN BJÖRK BJARNADÓTTIR
frá Patreksfirði,

lést á heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar fimmtudaginn 28. ágúst. Útför hennar fer fram frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 6. september kl. 14.00.

Bjarni Halldórsson
Kristinn Halldórsson
Bergrún Halldórsdóttir
Frosti Halldórsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhanna Ragnarsdóttir
Sigrún Þóra Björnsdóttir
Michael Wulfken
Elin Þorsteinsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinsemd vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaðir, afa og langafa,

EINARS EINARSSONAR
rafvélavirkjameistara,
Kristnibraut 2, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færur við hjúkrunarfólki Vífilstaða.

Ólöf Stefánsdóttir

Stefán Einarsson
Anna Vilborg Einarssdóttir
Ólöf Ragnheiður Einarssdóttir
Einar Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Árni Bragason
Herbert Hauksson
Bryndís Bragadóttir



Ástkær eiginmaður minn, bróðir okkar og mágur,

GUNNAR FINNSSON
Boðagrandi 2A, Reykjavík,

lést sunnudaginn 31. ágúst. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Kristín Erla Albertsdóttir
Arndís Finnsson
Hilmar Finnsson
Ólafur W. Finnsson

Hrafn Jóhannsson
Jósefína Ólafsdóttir
Bryndís M. Valdimarsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, stjúpfaðir, afi og langafi,

KNÚTUR BJÖRNSSON
lýtalæknir,

lést á Landspítalanum Háskólasjúkrahúsi í Fossvogi 26. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningargjafasjóð Landspítalans.

Kristjana Ellertsdóttir
Sólveig Knútsdóttir
Sigurveig Knútsdóttir
Sæmundur Knútsson
Kári Knútsson
Steinunn Knútsdóttir
Björn Knútsson
Ellert Sigurðsson
Þór Snær Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Erla Ólafsdóttir
Eiríkur Smári Sigurðarson
Sigrún Þorgilsdóttir



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og ömmu, dóttur, systur og frænku,

SUSAN AUÐAR SCH. THORSTEINSSON
Óðinsvéum, Danmörku.

Vala og Tenna Sch. Thorsteinsson
Sylvester Sch. Eliasson
Margaret og Bent Sch. Thorsteinsson
systkini og fjölskyldur.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

AUÐUR JÓHANNA
BERGSVEINSDÓTTIR
Sóltúni 2, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 28. ágúst sl. útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 5. september kl. 15.00.

Ásgeir Reynisson
Nína María Reynisdóttir
Kristín Erna Reynisdóttir
Ragnhildur Sif Reynisdóttir
Sara Steina Reynisdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hildur Anna Hilmarsdóttir
Ingólfur Guðmundsson,

Gísli Sigurðsson
Trausti K. Traustason



Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulegu

HELGU BOGADÓTTUR
sjúkraliða.

Innlegt þakklæti fyrir alla hjálpana og sérstakar þakkir til starfsfólks 12E á Landspítala fyrir einstaka umhyggju og gott viðmót.

Alexander E. Einbjörnsson
Þóra B. Alexandersdóttir
Ragnheiður K. Alexandersdóttir
Björn E. Alexandersson
Örn Alexandersson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Sturla Hafsteinsson
Ari Halldórsson
Ragnhildur Þórhallsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og langafi,

KRISTJÁN RAGNAR SIGURÐSSON
frá Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík fimmtudaginn 21. ágúst. Útförin hefur farið fram.

Ingey Arnkelsdóttir
Brynja Kristjánsdóttir
Soffía Kristjánsdóttir
Sigurður Kristjánsson
Jón Kristjánsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Knútur Aadnegard
Jóhann Guðmundsson
Guðlaug Metúsalemsdóttir
Íris Kristjánsdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

ÁGÚST HARALDSSON

lést á hjúkrunarheimilinu Ási í Hveragerði þann 13. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Aðstandendur vilja koma á framfæri þakklæti til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Áss og Elínar Norðdahl fyrir góða umönnun.

Fyrir hönd aðstandenda,
Margrét Magnúsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar móður, tengdamóður og ömmu,

SÓLVEIGAR J. JÓHANNSDÓTTUR.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á deild 11G á Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Anna Ragnheiður Morávek
Jóhann Morávek
Nína María Morávek
og barnabörn.

Lars Bergstarn
Kristín G. Gestsdóttir



Okkar ástkæri,
PÁLMI KÁRASON
Vestursíðu 20, Akureyri,

er látinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Droplaug Eiðsdóttir
Þróstur Már og fjölskylda
Eiður Arnar og fjölskylda



LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMIDIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. september 2014 | 21. tölublað | 10. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

VIÐ **ELSKUM**
AÐ PRENTA!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



GERÐI TILBOÐ UM AÐ KAUPA 100% EN FÉKK 58,5% HLUT Í FYRIRTÆKINU

→ Thomas Ivarson, nýr stjórnarformaður Advania, telur að reynsla hans af rekstri fyrirtækja þvert á landamæri muni stórauka tækifæri Advania.

→ Hann hefur hugmyndir um frekari samruna minni fyrirtækja undir merkjum Advania.

→ Segir ströng skilyrði Seðlabankans geta fælt erlenda fjárfesta frá.

SÍÐUR 6-7

Fær sex þúsund gesti á dag

Tuttugu og fimm þúsund manns eru í viðskiptum við World Class á veturna þegar mest lætur og þangað koma að meðaltali yfir sex þúsund manns á dag. Velta félagsins er núna um tveir milljarðar á ársgrundvelli. Björn Leifsson, sem rekur World Class ásamt Hafdísí Jónsdóttur eiginkonu sinni, kveðst vera ánægður með það hvernig reksturinn gengur. En hann hefur ekki alltaf verið án áfalla.

→ SÍÐA 4.



Gætu fjármagnað leit að gulli



Eigendur Málmís ehf. eiga í viðræðum við erlenda fjárfesta sem hafa áhuga á að fjármagna gulleit hér á landi.

Viðræðurnar hófust í febrúar síðastliðnum en ákvörðun um fjármögnunina gæti samkvæmt heimildum Markaðarins legið fyrir um næstu mánaðamót. Leyfi til leitar og rannsókna á málmum á nú svæðum var framlengt í ágústmánuði.

→ SÍÐA 2

Tekinn við sem forstjóri Olís

Jón Ólafur Halldórsson tók formlega við starfi forstjóra Olís síðastliðinn mánudag. Hann er véltækni-fræðingur með MBA-próf og hefur starfað hjá fyrirtækinu frá 1995. Hjólreiðar, hlaup og sund eru hans helstu áhugamál.

„Ég vona að samstarfsmenn mínir hér hjá félaginu verði ekki varir við miklar breytingar hjá mér,“ segir Jón.

→ SÍÐA 8



Snertilausar greiðslur í posum

Valitor býður hraðvirka og örugga posa sem gerir söluaðilum kleift að taka við snertilausum greiðslum.

Söluaðilar eiga þess kost að fá uppfærslu á posabúnað sinn og geta þá boðið viðskiptavinum sínum að greiða með síma eða snertilausu korti auk hefðbundinna greiðsluleiða.

Þú sérð um söluaðilum – við sjáum um greiðsluna

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

9
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

2
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

3
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
ÖSSUR
40,2% frá áramótum

NI
11,4% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TRYGGINGA-MIBSTÖÐIN
-23,2% frá áramótum

ÖSSUR
-1,2% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	109,00	-16,2%	0,0%
Eimskipafélag Íslands	225,00	-14,1%	1,1%
Fjarskipti (Vodafone)	32,50	19,3%	0,0%
Hagar	44,80	16,7%	0,9%
Icelandair Group	18,00	-1,1%	3,2%
Marel	102,50	-22,9%	0,0%
N1	18,60	-1,6%	11,4%
Nýherji	4,80	31,5%	1,1%
Reginn	15,70	1,0%	0,3%
Tryggingamiðstöðin*	24,60	-23,2%	2,5%
Vátryggingafélag Íslands**	8,31	-23,0%	1,0%
Össur	321,00	40,2%	-1,2%
HB Grandi	29,90	7,9%	-0,3%
Sjóvá	12,36	-8,5%	3,4%
Úrvalsvisitalan OMXI6	1.259,60	0,0%	10,9%
First North Iceland			
Century Aluminum	1.150,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	19,40	46,4%	-3,0%
Sláturfélag Suðurlands	1,33	9,0%	0,0%

*fyrsta verð 08. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

Dagatal viðskiptalífsins



- Miðvikudagur 3. september**
→ Þjóðskrá - Fasteignamarkaðurinn í ágúst eftir landshlutum
- Föstudagur 5. september**
→ Reykjanesbær - Sex mánaða uppgjör
→ Hagstofan - Gistinætur á hótélum í júlí 2014
→ Seðlabankinn - Helstu liðir í efnahagsreikningi og gjaldeyrisforði

- Þriðjudagur 9. september**
→ Þjóðskrá - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
- Miðvikudagur 10. september**
→ Hagstofan - Landsframléiðslan á 2. ársfjórðungi 2014
- Fimmtudagur 11. september**
→ Seðlabankinn - Gjalddeyrisforði og tengdir liðir

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Heildarmarkaðsvirði þeirra 17 félaga sem skráð eru í Kauphöllina nam 614 milljörðum króna í lok ágúst:

Minni velta í Kauphöll Íslands

Viðskipti með hlutabréf í Kauphöllinni í ágúst mánuði námu 14.046 milljónum króna eða 702 milljónum á dag. Það var 22 prósent lækkun miðað við sama mánuð í fyrra þegar viðskiptin námu 896 milljónum á dag.

Mest voru viðskipti með hlutabréf Icelandair Group (ICEAIR) en þau seldust fyrir 4.506 milljónir í ágúst. Þar á eftir komu Hagar (HAGA) með 2.092 milljónir, N1 með 1.076 milljónir og bréf Marel (MARL) sem náðu 995 milljón-

um, samkvæmt tilkynningu Kauphallarinnar.

Þar segir að Íslandsbanki hafi verið með mestu hlutdeildina á Aðalmarkaði Kauphallarinnar, eða 27,5 prósent, og að Landsbankinn hafi komið þar á eftir með 21,8 prósent.

Hlutabréf sautján félaga voru skráð á Aðalmarkaðinn og First North Iceland í lok ágúst. Heildarmarkaðsvirði þeirra nam þá 614 milljörðum króna samanborett við 489 milljarða í ágúst 2013. -hg



KAUPHÖLLIN Úrvalsvisitalan (OMX18) hækkaði um eitt prósent milli mánaða og stendur nú í 1.259,6 stigum.

Gætu fjármagnað leit að gulli í Þormóðsdal

Erlendir fjárfestar hafa áhuga á að fjármagna gulleit hér á landi. Ákvörðun gæti legið fyrir um næstu mánaðamót. Leyfi til leitar og rannsókna á málmum á ný svæðum var framlengt í ágúst mánuði.

ÞIÐNAÐUR

Haraldur Guðmundsson
haraldur@frettabladid.is

Eigendur Málmis ehf. eiga í viðræðum við erlenda fjárfesta sem hafa áhuga á að fjármagna gulleit hér á landi. Viðræðurnar hófust í febrúar síðastliðnum en ákvörðun um fjármögnunina gæti samkvæmt heimildum Markaðarins legið fyrir um næstu mánaðamót.

Málmis er í eigu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Orkustofnunar. Dótturfélag þess, Melmi ehf., fékk í síðasta mánuði framlengingu á leyfi til leitar

og rannsókna á málmum á ný svæðum hér á landi. Melmi er einnig í eigu breska félagsins Gold Island Ltd. Það vill samkvæmt heimildum selja sinn 49 prósent hlut til félags í eigu fjárfestanna sem nú sýna gulleitinni áhuga. Ekki hafa fengist upplýsingar um hverjir þeir eru en félag fjárfestanna er aftur á móti sagt skráð á Bretlandi.

„Við höfum ætlað að loka þessum samningi í nokkurn tíma svo það verði hægt að láta reyna á verkefnið áfram. Þess vegna vorum við að sækja um að fá framlengingu á þessum heimildum sem Melmi hefur til leitarinnar,“ segir Reinhard Reynisson, stjórnarformaður Málmis og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Reinhard segir að það sé fyrst og fremst horft til rannsókna og



VIÐ HAFRAVATN Fjölmörg fyrirtæki, bæði innlend og erlend, hafa komið að gulleit hér á landi. Sýnin úr borholukjörmunum úr Þormóðsdal voru tekin fyrir síðustu aldamót.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leitar í Þormóðsdal í Mosfellssveit en nefnir einnig Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu.

Leitað hefur verið að gulli í Þormóðsdal, með hléum, í yfir hundruð ár. Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) greindi í febrúar í fyrra frá því að endurskoðuð greining á sýnum úr borholukjörnum úr dalnum hefði leitt í ljós að gullvinnsla á svæðinu gæti verið vænleg. Melmi hafði þá borað í dalnum og málmurinn mælt um 400 grömm í hverju tonni af bergi.

Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri

NMÍ, segir magnið í Þormóðsdal vera með því meira sem gerist. Erlendis sé gull unnið úr bergi þegar mælingar sýni einungis fjögur grömm á tonnið. Hann segir stofnunina fagna því að leyfi til gulleitar í Þormóðsdal og víðar hafi verið endurnýjað.

„Hingað til hafa erlendir aðilar fjárfest í gulleitinni og ríkisfé ekki verið notað til hennar. Mikilvægt hefur verið að þekkingin glatist ekki og að íslenskir jarðfræðingar komi að henni,“ segir Þorsteinn.

Stefnir í að ríkissjóður þurfi ekki lengur að fjármagna hallarekstur með lántöku á innlendum mörkuðum:

Helstu tekjustofnar að styrkjast

Tekjur ríkissjóðs hafa, það sem af er ári, verið umtalsvert umfram væntingar og það kallar á endurmat á tekjuáætlun ríkissjóðs, samkvæmt Greiningardeild Arion banka.

Í nýjum Markaðspunktum deildarinnar segir að það liggi fyrir að jákvæð tekjuþróun muni koma fram í endurmati á tekjuáætlun í frumvarpi til fjáruakalaga, sem verður lagt fram í október. Ef tekjuáætlun ríkissjóðs verði færð upp á við geti það haft töluverð áhrif á áætlaða

afkomu hans í ár og einnig smitast yfir á næsta ár.

„Eykur það líkur á því að ákveðin vatnaskil séu framundan í ríkisfjármálum þar sem hreinn lánsfjárfjórnuður gæti orðið lítil sem enginn á þessu ári eða því næsta. Það þýðir að ríkissjóður þarf ekki lengur að fjármagna hallarekstur með lántöku á innlendum mörkuðum og getur hafið lækkun skulda ríkissjóðs í krónum talið fyrir en áætlað var,“ segir í Markaðspunktunum. -hg



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ Arðgreiðslur frá Landsbankanum hafa skilað umtalsverðum tekjum í ríkissjóð.

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu. Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Printmbláinnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



Grænt leigusamband Reita er samstarf um vistvænan rekstur atvinnuhúsnæðis.



Reitir bjóða grænt leigusamband

Reitir fasteignafélag býður viðskiptavinum sínum upp á grænt leigusamband. Við hjálpum þér að breyta þínu atvinnuhúsnæði í vistvænan vinnustað.

Reitir fasteignafélag er stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Markmið okkar er að vera leiðandi í mótun umhverfisvitundar í íslensku atvinnulífi.

Kynntu þér Græna Reiti á www.reitir.is.

Kringlan 4–12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa



Í REYKJAVÍK Björn Leifsson segist læra af mistökum og það muni ekki hvarfla að sér að reyna fyrir sér í viðskiptum erlendis að nýju.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Tveggja milljarða velta World Class

Björn Leifsson hefur rekið World Class í hartnær 30 ár og er á meðal frumkvöðla í rekstri líkamsræktarstöðva. Í dag gengur rekstur fyrirtækisins vel, en það er með 25 þúsund viðskiptavinum þegar best lætur. Björn segist hafa lært af fjárfestingum á Akureyri og í Danmörku og býst ekki við fjárfesta utan höfuðborgarsvæðisins aftur.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Tuttugu og fimm þúsund manns eru í viðskiptum við World Class á veturna þegar mest lætur og þangað koma að meðaltali yfir sex þúsund manns á dag. Velta félagsins er núna um tveir milljarðar á ársgrundvelli. Björn Leifsson, sem rekur World Class ásamt Hafdísí Jónsdóttur, eiginkonu sinni, kveðst vera ánægður með það hvernig reksturinn gengur. En hann hefur ekki alltaf verið án áfalla.

Uppgjörið

Þrek ehf. átti 25,5% í félagi sem hóf rekstur á líkamsræktarstöðvum í Danmörku fyrir bankahrun. Björn þverneitar því hins vegar að World Class hafi verið í útrás og bendir á að Straumur hafi átt mun stærri hlut í danska rekstrinum og átt frumkvæði að því að farið var í þann rekstur. „Þegar við förum út í Danmerkurdæmið þá ætluðum við að eiga lítinn hlut í þessu dæmi. Straumur fær okkur til að vera með. Við fengum lánaðar 40 milljónir danskar, ég og Guðmundur Ágúst Pétursson, sem á Reebok Fitness og Adidas-umboðið. Fjörutíu milljónir danskar voru þá 400 milljónir, krónan var 10. Þegar allt hrynur, bæði íslenska hagkerfið og fyrirtækið úti, þá eru þetta 47 milljónir danskar sem voru þá um 1.200 milljónir, og danska krónan var 25,“ segir Björn. Straumur

hafi farið í mál og sótt á sig kröfur vegna rekstursins í Danmörku, en boðið samning eftir að skiptastjóri hafði tapað tveimur af fimm málum. Hann sé núna að ljúka við að gera upp nokkur hundruð milljóna króna kröfu vegna uppgjörsins sem samið var um.

Þrek ehf., félagið sem stofnað var utan um rekstur World Class, var í samábyrgð fyrir skuldinni við Straum með Sportfitness sem Guðmundur Ágúst Pétursson átti. Björn ákvað að færa reksturinn hérna heima yfir í Laugar ehf., sem var annað félag í hans eigu og hélt utan um húsnæðið sem stöðvarnar voru reknar í og öll tækin í stöðvunum. Reksturinn er enn í því félagi. Þrek Holding var svo félagið sem Björn og Guðmundur Ágúst Pétursson áttu og hélt utan um helmings hlut þeirra í danska félaginu á móti Straumi og er nú í hjá skiptastjóra. „Það er eina félagið sem er hjá skiptastjóra,“ segir Björn. „Öll önnur félög á ég og ég er núna á næstu dögum að klára að gera upp við Straum,“ bætir hann við. Eina kröfuhafarnir í Þrek Holding séu hann og Straumur og hann kveðst ætla að taka það úr skiptameðferð þegar hann er búinn að gera upp við Straum.

Í dag eru litlar eignir í Þreki ehf., félaginu sem var upphaflega stofnað utan um rekstur World Class. „Ég leysti það til mín og gerði upp allar skuldir í því. Það er kennitala '85 sem mér er mjög kær og ég mun færa hluta af rekstrinum inn í þá kennitölu aftur.

Björn segist telja það vera mjög eðlilegt hvernig staðið var að skuldauppgjöri World Class. „Það var ekki neitt óheildarlegt verið að gera. Ég er búinn að reka þetta félag síðan 1985. Menn tala um að ég berist mikið á, ég átti tvo af vinsælustu skemmtistöðunum í Reykjavík um tíu ára skeið. Ég er búinn að vera með á bilinu 250–300 manns í vinnu í mörg ár. Ef ég væri þessi skíthæll sem Reynir Traustason skrifar um þá held ég að ég fengi meira á bakið en bara frá honum,“ segir Björn, spurður um lyktil skuldauppgjörsins.

Uppbygging í Breiðholti

Björn segir að reksturinn í dag gangi mjög vel. „Við erum að fara að byggja uppi í Breiðholti við Breiðholtslauginu. Ef allt gengur upp er ég að vonast til þess að við getum opnað næsta haust. Þegar best lætur á veturna erum við með um 25 þúsund manns í viðskiptum. Og við erum mikið í endurnýjun, bæði í innréttingum og tækjum. Við erum alltaf að taka inn eitthvað af tækjum. Við lítum bjart til framtíðar,“ segir hann.

World Class rekur níu stöðvar í dag, allar á höfuðborgarsvæðinu, en þar eru alls fjörutíu stöðvar. „Ég fjölga náttúrulega um þessa stöð í Breiðholti, svo lokaði ég í Spönginni en stækkaði Egilshöll á móti,“ segir hann og bætir við að markmiðið sé að geta sinnt viðskiptavinum þannig að það sé sem styst fyrir þá að fara til að æfa. „Að þú getir æft annaðhvort

nálægt vinnunni eða heimilinu,“ segir hann.

Björn segir að það sé nokkuð mikil samkeppni á þeim markaði sem hann starfar á. Það getur verið erfitt fyrir nýja aðila að byrja á þessum markaði því að stöðvarnar sem fyrir eru séu sterkar og vel búnar og reknar. Það er fullt af stöðvum eins og Crossfit og Boot-Camp, þar sem þarf lítinn tækjabúnað, sem eru að hasla sér völlu út um allan bæ. En auðvitað erum við í sterkri stöðu með þessa dreifingu,“ segir hann og bætir við að helstu samkeppnisaðilarnir séu Sporthúsið og Hreyfing. „Hreyfing er svona af sama gæðastigi og við erum hérna. Sporthúsið er meira fyrir yngri hópana og skólana. Þeir eru mjög sterkir,“ bætir hann við.

Möguleikar á frekari vexti

Björn segir að möguleikarnir á vexti séu töluverðir. Markaðurinn á höfuðborgarsvæðinu sé yfir 50 þúsund notendur og það bætist við árgangur á hverju ári. „Þegar ég byrjaði fyrir tæplega þrjátíu árum þá var hending að þú sæir mann yfir þrítugu á þessum stöðum. Síðan þá er búið að bætast við árgangur undir á hverju einasta ári og eitthvað ofan á líka. Því eldri borgarar eru byrjaðir að stunda þetta líka töluvert mikið í dag,“ segir hann. Hann bætir við að flestir þeir sem stundi líkamsrækt á líkamsræktarstöðvunum hætti ekki. „Það er það góða við þennan rekstur,“ segir hann.

Hann segist hvorki hafa áhuga á

„Eg væri þessi skíthæll sem Reynir Traustason skrifar um þá held ég að ég fengi meira á bakið en bara frá honum.“

því að reyna aftur að hefja rekstur utan höfuðborgarsvæðisins né erlendis. „Ég reyndi við Akureyri fyrir nokkrum árum síðan og tapaði töluverðu fé á því. Ég náði síðan að selja þá stöð og hún er stærsta stöðin á Akureyri í dag. Þannig að ég er ekkert voðalega skotinn í þeirri hugmynd að fara út á land í dag. En ég hef svo sem sagt að ég gæti alveg hugsað mér að vera í þessum sveitarfélögum sem eru næst Reykjavík, eins og á Selfossi og Akranesi. En til þess að það yrði þá yrði það að vera í tengslum við sundlaugar. Ég er búinn að vera í einhverjum viðræðum varðandi þá byggingu sem er verið að byggja á Selfossi en ég hef ekki trú á að af því verði,“ segir hann. Aldrei muni hvarfla að sér að fara aftur í starfsemi erlendis. „Það besta við að lenda í vandræðum og tapa peningum er að maður lærir af því og það mun aldrei hvarfla að mér að reyna það aftur. Maður á að halda sig við það sem maður kann og þekkir. Það er mín skoðun,“ segir hann.

Loksins færðu stuðning
í vinnunni

Knoll

CHADWICK STÓLLINN
SAMEINAR FALLEG FORM
OG HÁMARKSPÆGINDI.

Harpa / Skeifan 6 / Keflavíkurvöllur / 5687733 / epal@epal.is / epal.is



Tilboðsverð:

138.800kr*

Fullt verð: 198.500kr



HÖNNUÐUR: DON CHADWICK

Ætlaði að kaupa Advania í heild sinni

Nýr stjórnarformaður Advania telur að reynsla hans af rekstri fyrirtækja þvert á landamæri muni stórauka tækifæri fyrirtækisins á Norðurlöndum. Fyrsta tilboði hans um kaup á öllu fyrirtækinu var hafnað af eigendum.

VIÐTAL

Snæros Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Fæstir Íslendingar vita hver sænski fjárfestirinn Thomas Ivarson er. Hann situr í stjórnnum fyrirtækja sem hafa með allt frá raforkusparnaði að gera til netbókaútgáfu. Hann var forstjóri EHPT, dótturfyrirtækis fjarskiptarisans Ericsson og hugbúnaðarfyrirtækisins Hewlett-Packard, á árum áður. Þess utan er hann englafjárfestir í sænska uppboðshúsinu Barnebys svo fátt eitt sé nefnt.

Sér tækifærin í tækninni

Thomas er líka aðalmaðurinn á bak við stærstu erlendu fjárfestinguna á Íslandi frá hrúni. Hann er andlit norræna hópsins AdvInvest sem jók hlutafé hugbúnaðarfyrirtækisins Advania um tvo milljarða króna á einu bretti. Hópurinn fer nú með 58,5 prósentu eignahlut í fyrirtækinu.

„Öll eiga verkefni það sameiginlegt að kjarni þeirra er hugbúnaður og hugbúnaðarlausnir,“ segir Thomas.

Hann er með meistaraþáttu sem rafmagnsverkfræðingur en segir að sá grunnur sé ekki það sem vakti áhuga hans á tölvum og hugbúnaðarlausnum. „Sérsvið mitt í rafmagnsverkfræði var rafleiðni og háspennulínur. Áhugi minn á fjarskiptum ræðst af því að mér þykir það áhugaþingur, krefjandi og mikilvægur bransi sem snertir fjölda fólks. Fjarskiptin þróuðust svo í átt að hugbúnaðartengdum fyrirtækjum. Í raun hafði þetta ekkert með menntun mína að gera heldur frekar löngun til að vera hluti af einhverju síbreytilegu og ögrandi.“

Golfari og gítarleikari

Thomas er búsettur í Stokkhólmi ásamt eiginkonu sinni til þrjátíu ára. Hún er sjálf frumkvöðull í viðskiptum erlendis og saman eiga þau þrjú uppkomin börn. Thomas segist vera mikill fjölskyldumaður. „Þess utan legg ég bæði metnað og tíma í vinnu. Ég kann vel við það að vinna mikið,“ segir hann.

Hann kemur úr tónelskri fjölskyldu. Pabbi hans var fiðluleikari og Thomas og bræður hans þrír spila allir á hljóðfæri. „Svo þykir mér gaman í golfi. Ég tók eftir því að á Íslandi eru óvenju margir golfvöllir. Á leið minni frá flugvöllinum sýndist mér að þeir væru ansi krefjandi, svona umkringdir hrauni.“

Advania ekki kreppufyrirtæki

Eins og áður segir fer Thomas fyrir hópi fjárfesta sem nýlega keypti 58,5 prósentu hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Advania. Hann er nú orðinn stjórnarformaður fyrirtækisins en aðdragandi kaupanna er ekki mjög langur. „Upphaflega heyrði ég af Advania í gegnum Aðalstein Jóhannsson hjá Beringer Finance, í október á síðasta ári. Hann hafði samband vegna bakgrunns míns í viðskiptum og upplýsingatækni. Fljótlega fór ég að heyra jákvæða hluti um fyrirtækið og áttaði mig á því að í augum viðskiptavinarins var Advania ekki enn eitt „kreppu-fyrirtækið“. Það hafði ekki þá ímynd út á við,“ segir Thomas.

Advania fór í gegnum nafna-



ADVANIA ORÐID NORRÆNT FYRIRTÆKI Thomas lítur svo á að Advania hafi verið á barmi þess að verða norrænt hugbúnaðarfyrirtæki um nokkra hríð. Aðkoma hans og hinna fjárfestanna hafi ýtt á eftir þeirri þróun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

„Það eru enn nokkur ljón í veginum, til dæmis gjalddeyrishöftin. Vonandi munu þau ekki koma í veg fyrir að við getum sett fyrirtækið á markað með þessum hætti.“

breytingu árið 2012 þegar Skýrr, HugurAx og nokkur norræn dótturfyrirtæki sameinuðust. Thomas segist telja að sú nafnbreyting eigi sinn þátt í jákvæðri mynd fyrirtækisins. „Mín skoðun er sú að Advania sé mjög vel valið nafn,“ segir Thomas.

Vilja ekki rjúfa tengsl við Ísland Í kjölfar þess að hafa kynnt sér

Advania betur ákvað hann að gera tilboð í fyrirtækið. „Við lögðum fram tilboð um að kaupa fyrirtækið í heild sinni. Fjárfestingarsjóður Íslands, sem þá var aðaleigandi Advania, hafnaði því tilboði með þeim rökum að þeir væru ekki tilbúnir að selja hlut sinn. Þeim þykir fyrirtækið góð fjárfesting en einnig vegna þess að tenging fyrirtæk-

isins við Ísland væri mjög mikilvæg,“ segir Thomas. „Þeir voru hins vegar tilbúnir að styðja við aðkomu okkar í gegnum aukningu á hlutafé er myndi færa okkur 51 prósent. Í kjölfarið var farið af stað með það ferli.“

Með aðkomu Thomasar að fyrirtækinu breyttist tenging þess við Ísland þó töluvert. Þrír stjórnarmenn af fimm koma erlendis

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

FJÖLSKYLDAN SAMAN

Ferðafélag barnanna býður upp á ókeypis gönguferð um móa í Mosfellsdal sunnudaginn 7. september. Lagt er af stað klukkan 11 frá Gljúfrasteini en gönguferðin og heimsókn í safnið tekur um þrjár klukkustundir.



Lionssalurinn Lundur

- Jólahlaðborð
- Árshátíðir
- Þorrablot

Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is

Cocktail .is
Veislubjónusta

Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari>



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Á REIÐHJÓLI UM DRAUMADALINN

ÆVINTÝRI Bragi Rúnar lauk nýlega hjóltreifaferð um Móseldalinn. Ferðin var blanda af stórkostlegri náttúru, vingjarnlegu fólki og spennandi arkitektúr.

Móseldalurinn í Þýskalandi er rómaður fyrir fegurð. Áin Mósél liðast um dalinn, þar er fjöldi fallelgra þorpa og vínrækt stendur í miklum blóma í héraðinu sem er frægt fyrir Riesling-vínframleiðslu sína. Dalurinn er einnig vinsæll áfangastaður hjóltreifamanna en fjöldi Íslendinga hefur ferðast þangað af því tilefni á undanförunum árum.

Bragi Rúnar Jónsson, fjármálastjóri hjá framleiðsluviði Actavis á Íslandi, er nýlega kominn úr fyrstu hjólaferð sinni um Móseldalinn sem hann fór í ásamt fjórum félögum sínum. Hann segist ekki vera mikill hjóltreifamaður en ferðin um Móseldalinn hafi hins vegar verið mikið ævintýri þar sem saman blönduðust

stórkostleg náttúra, vingjarnlegt fólk og spennandi arkitektúr. „Við hófum ferðalagið í Trier og hjóluðum norður til borgarinnar Koblenz. Áin Mósél á upptök sín í Frakklandi en fallelgasti hluti hennar liggur einmitt milli þessara tveggja borga sem er um 193 kílómetra leið.“

Það var þýsk ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í hjóltreifaferðum sem sá um skipulag ferðarinnar fyrir hópinn. „Við fórum ekki með eigin hjól með okkur út heldur leigðum við hjól á staðnum. Ferðaskrifstofan sá síðan um að flytja farangur á milli hótela og fyrir vikið þurftum við aldrei að hjóla með þungar byrðar. Auðvitað er hægt að gera þetta allt sjálfur og margir gera það en þessi leið hentaði okkur hins vegar betur.“ ▶

TIGNARLEGUR
Reichsburg-kastalinn gnæfir yfir bæinn Cochem sem stendur við Mósélána.
MYND/GETTY



HJÓLAGARPUR
Bragi Rúnar Jónsson.
MYND/ÚR EINKASAFNI

Rauðrófu „extrakt“ í hylkjum

Snerpa, orka og
úthald - frábært
fyrir íþróttafólk!



100% náttúrulegt

www.gengurvel.is

Útsölustaðir: flest apótek,
heilsuþúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Lesendur Fréttablaðsins undir fimmtugu
eru 38 þúsund fleiri á landinu öllu
en lesendur Morgunblaðsins.*

Það samsvarar samanlögðum íbúafjölda Mosfellsbæjar,
Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands vestra.

* Skv. fjölmiðlakönnun Capacent Gallup, jan-mar 2014.



Allt sem þú þarft ...



ENGINN AÐ TÉKKA INN Það er ekki mikið um að vera á innritunarborði Malaysia Airlines.

TÓMAR VÉLAR HJÁ MALAYSIA AIRLINES

Viltu ferðast á þægilegan máta með nægt pláss í flugvélinni? Þá ættirðu að ferðast með Malaysia Airlines. Hugrakkir farþegar sem hafa ferðast með félaginu að undanförunu hafa birt myndir af sér á samfélagsmiðlum þar sem sést að tveir til þrjár farþegar eru um borð í risapötu. Þannig var það í þötu Malaysia Airlines sem flaug frá Ástralíu fyrir stuttu og þannig er þetta víst í flestum vélum félagsins. Við inngang Malaysia Airlines á flugvöllum eru auð sæti í röðum – engir farþegar. Sömuleiðis er engin biðröð við innritunarborðin.



GOTT PLÁSS Þessi mynd fer um heiminn þessa dagana en hún var sett á Twitter af farþega Malaysia Airlines sem var að fljúga frá Ástralíu til Asíu í ágúst. Fleiri slíkar myndir hafa verið að birtast á samfélagsmiðlum.

Þetta hefur verið kolsvart ár fyrir flugfélagið. Hinn 8. mars hvarf Boeing 777 þötu Malaysia Airlines MH370 sporlaust og hefur ekki enn fundist. Hinn 17. júlí var MH17 skotin niður yfir Úkraínu. Þessir tveir skelfilegu atburðir hafa gert það að verkum að nánast enginn þorir að ferðast með félaginu. Fólk er hjátrúarfullt og er hrætt við að eitthvað geti gerst í þriðja skiptið, að yfir félaginu hvíli bölvun.

Nú spyrja menn sig hvort Malaysia Airlines lifi þetta af. Varla getur félagið flogið með

tómar vélar milli Asíu og Evrópu í langan tíma. Tapið á hverjum degi er gríðarlegt. Það verður erfitt að ná aftur til farþega. Áformað er að ráða einn af færustu efnahagssérfræðingum í Malasíu til starfa hjá félaginu til bjargar því. Margir telja þó að jafnvel færustu sérfræðingar í heimi geti ekki snúið við hræðslu og hjátrú almennings.



TAI CHI ROULI QIU Nýjasta námskeið Heilsudrekans er tai chi rouli qiu sem eru tai chi-æfingar með sandfylltum bolta. Hér má sjá Guang Peng Zhang leika listir sínar með boltann. MYNDIR/STEFÁN

KÍNVERSK HEILSUBÓT

HEILSUDREKINN KYNIR Kínversk leikfimi hentar jafnt ungum sem öldnum. Hún eykur vellíðan og lífsþrótt, byggir upp sjálfsvirðingu og styrkir líkamann.

Kínversk leikfimi kemur jafnvægi á líkama og sál,“ segir Dong Qing Guan, eigandi Heilsudrekans. Hún segir kínverska leikfimi byggja á hefðbundnum kínverskum lækningum og heimspeki Dao, Ru og búddista.

„Kínversk leikfimi er heilsuþætandi, hún eykur lífsgæði og veitir andlega og líkamlega vellíðan. Æfingarnar miða að því að opna fyrir orkuflæði líkamans, veita slökun, draga úr verkjum, losa um spennu og kvíða, og styrkja og fegra líkamann.“

Leikfimin er meðal annars góð fyrir þá sem þjást af gigt, vöðvabólgu, höfuðverk, þunglyndi og fleiri kvillum.

„Hægt er að stunda hugræna teygjuleikfimi, tai chi og heilsu-chi gong sem eru allt rólegir tímar sem auka teygjanleika og flæði og hafa mikinn lækningamátt. Heimspeki kínverskrar leikfimi er enda að iðkandanum líði vel og hver einasta hreyfing vinni með orkuflæði líkamans og innri líf-færum,“ útskýrir Qing.

KÍNVERSK LEIKFIMI FYRIR ALLA

Heilsudrekinn býður upp á fjölbreytta kínverska leikfimi fyrir alla aldurshópa og er með hópastarf fyrir börn frá fjögurra ára aldri og upp úr. Vinsælast á meðal unglinga er kung fu. Á hverju misseri eru ný og spennandi námskeið á döfinni sem kennd eru af kennurum í fremstu röð.

„Nýjasta námskeiðið er tai chi rouli qiu sem eru tai chi-æfingar með sandfylltum bolta. Þær eru stórskemmtilegar og styrkjandi og henta jafnt börnum sem fullorðnum. Æfingarnar er hægt að stunda einn síns liðs eða með öðrum, inni og úti og í raun hvar sem er,“ segir Qing.

Í Heilsudrekanum eru í boði frískandi fjölskyldutímar þar sem börn geta hreyft sig með foreldrum sínum og í öllum tímum er leikin kínversk tónlist sem skapar ljúfa og notalega stemningu.

„Þeir sem vilja kraftmeiri æfingar geta svo valið úr mörgum tegundum kínverskra bardagaþróttar og sumum þykir eftirsóknarvert að geta farið utan til keppni. Heilsudrekinn er í samstarfi við íþróttafélagið Drekan sem hefur sent iðkendur heilsu-chi gong til keppni á heimsmótið í New York og Evrópumótið í Mons í Belgíu. Yngsti keppandinn frá okkur er níu ára og hefur árangur Íslendinga verið einstakur. Þeir komu með gullverðlaun frá New York í fyrra og tvönn gullverðlaun, þrenn silfurverðlaun og eitt brons frá Belgíu í ár,“ segir Qing.

Opið hús verður í Heilsudrekanum laugardaginn 6. september frá 10 til 15. Þá gefst tækifæri til að skoða aðstöðuna, stundatöfluna og nýta sér freistandi tilboð á námskeiðum fyrir byrjendur og lengra komna.

Heilsudrekinn er í Skeifunni 3j. Sjá nánar á heilsudrekinn.is

► HVÍTVÍN ÚR HLÍÐINNI

Fyrsta daginn hjólaði hópurinn til bæjarins Schweich og þaðan til Trittenheim þar sem fyrsta degi lauk. Sérstakir hjólréiðastígar liggja meðfram Móseldalnum og þurfti hópurinn nær aldrei að hjóla nálægt þjóðvegum og bílaumferð. „Á þessu svæði, eins og víðar í dalnum, eru miklar vínekrur og fallegir kastalar blasa víða við. Á ferðalagi okkar gátum við oft stoppað á vínekrum og smakkað á uppskerunni og flestir veitingastaðir buðu upp á eigin framleiðslu. Þegar við borðuðum kvöldmat og drukkum léttvín með matnum gátu þjónarnir jafnvel bent okkur upp í hlíðarnar þar sem þrúgurarnar voru teknar og sagt nákvæmlega frá hvaða stað á akrinum vínið kom. Það var einnig mikil upplifun að hjóla í gegnum þorpinn og litlu bæina og skoða allar fallegu byggingarnar en mörg húsin eru mjög gömul og byggð úr timbri og leir.“

Hópurinn hjólaði í tvo daga og tók frídag á þriðja degi. Næstu tveir dagar fóru í hjólréiðar og aftur var tekinn hvíldardagur á sjötta degi. „Við misskildum reyndar upphaflega planið og héldum að við ættum tvo hjóladaga eftir í lokin sem síðan reyndist bara vera einn

dagur. Það sem eftir lifði ferðar og raunar einnig á hvíldardögum vorum við dugleg að hjóla styttri vegalengdir og oft hjóluðum við til baka í litil þorp eða kastala til að skoða betur. Við hjóluðum því 40-50 km á dag þá daga sem hjólréiðatúrinn stóð yfir.“

FALLEGAR BYGGINGAR

Hópurinn hjólaði meðal annars í gegnum elsta vínræktarhérað landsins, Neumagen, og í gegnum bæinn Bernkastel þar sem finna má fræg timburhús frá miðöldum. „Þeir sem hafa áhuga á gömlum húsum og kastölum hafa svo sannarlega nóg að gera í Móseldalnum. Stórir og miklir kastalar eru á hverju strái og víða má finna gömul hús úr timbri og leir sem gaman er að skoða. Ekki má gleyma bænum Beilstein sem rómaður er fyrir feegurð sína.“ Hjólréiðatúrinn endaði í bænum Koblenz þar sem slakað var á eftir góða ferð en einnig teknir nokkrir styttri hjólréiðatúrar.

Gamanþættir um ungan lögfræðing sem söðlar um í lífinu og tekur við kráarrekstri föður síns.



KL. 07:00 - 20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

9	4	5		3				8
6	1		4		9			
3	2		5	7	1			
2	9	6			8	1	5	
					7	6		
	5		1					9
				1	8			
	3		7	2	5			
	6	4			3			

LÉTT

	9		2		5			6
			1		2			
			2	6	3	1	4	
					5		2	
	3	8			7		9	
4						6		
5	1		8					
6			7	1				
7	9		2		8		3	

MIDLUNGS

	3			4			5	9
7	4			5				
		1	9					2
		7			4	5		3
			6				2	
5							8	
	2				7	9		8
6		3						1
		8						3

PUNG

9	2	7	1	3	8	5	4	6
4	8	1	2	5	6	7	3	9
5	3	6	7	9	4	8	1	2
6	7	3	5	4	1	9	2	8
8	4	9	6	7	2	1	5	3
1	5	2	9	8	3	4	6	7
7	6	4	8	2	5	3	9	1
2	9	5	3	1	7	6	8	4
3	1	8	4	6	9	2	7	5

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prættin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Geturðu umorðað spurninguna ef ástin er svarið?“

Lily Tomlin.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. lappi, 6. frá, 8. mál, 9. ástæður, 11. í röð, 12. skrefa, 14. bæ, 16. málmur, 17. Tala, 18. dauði, 20. til, 21. arða.

LÓÐRÉTT

1. pústrar, 3. ólati, 4. land í SA-Asíu, 5. angan, 7. litur, 10. eldsneyti, 13. kviksyndi, 15. rella, 16. spíra, 19. tveir eins.

LAUSN

21. Dd3! Tvöföld hótun. 21.... Rxe3 dugar ekki vegna 22. fxe3. Sveinbjörn reyndi að blása til sóknar með 21.... Rh4 en hafði ekki erindi sem erfiði. Jón Kristinn Þorgeirsson sigraði á mótinu. www.skak.is Caruana í banustuði.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hermann Aðalsteinsson (1.313) hafði hvítt gegn Sveinbirni Ó. Sigurðssyni (1.778) á Framsýnarmóttínu um helgina. Hvítur á leik:



21. Dd3! Tvöföld hótun. 21.... Rxe3 dugar ekki vegna 22. fxe3. Sveinbjörn reyndi að blása til sóknar með 21.... Rh4 en hafði ekki erindi sem erfiði. Jón Kristinn Þorgeirsson sigraði á mótinu. www.skak.is Caruana í banustuði.

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

SWIFT

...eins og tónlistin - veitir ánægju
og gleði inn í lífið á hverjum degi.



SUZUKI SWIFT GL, GLX, 4X4
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín,
beinskiptur) CO² 116g/km



FYRIR SKYNSAMT
FÓLK



TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS



FRJÓ SÝNING „Sýningar af þessu tagi eru einstaklega spennandi vettvangur til tilrauna.“

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rótað í þjóðarsálinni

LEIKLIST ★★★★★

Petra

Leikgerð og leikstjórn: DFM Company og Björn Leó Brynjarsson

LEIKARAR: BROGAN DAVISON, HJALTI JÓN SVERRISSON, KOLBEINN ARNBJÖRNSSON OG PÉTUR ÁRMANNSSON

SÝNT Á ENSKU Í TJARNARBÍÓ

Þrátt fyrir vinsældir heimildaleikhúss erlendis, sérstaklega í Bretlandi, á þetta sviðslistaform eftir að ná fótfestu hérlendis. Dance for me, fyrra verk DFM Company, vakti verðskuldaða athygli og með verkinu Petra halda þau áfram að rannsaka mörkin á milli raunveruleikans og sviðsetningar á raunveruleikanum.

Sýningin er byggð á lífi Petru Sveinsdóttur frá Stöðvarfirði, langömmu Péturs, sem þekkt er fyrir einstakt steinasafn sitt. En einnig fjallar verkið um þá erfiðleika sem felast í að búa til leikverk byggt á ævi ættingja og hvort slíkt sé yfirhöfuð hægt. Pétur ákvað að draga sig út úr sýningunni, þ.e. að vera ekki á sviði með hópnunum, þar sem hann hreinlega sá ekki fram á að geta tekið þátt í svo persónulegri sýningu.

Hætt er við því í sýningum líkt og þessari að einlægni og væmni hreinlega kaffæri verkið en svo er ekki hér því að kímniáfan er á réttum stað. Leikstillinn er yfirvegaður og í flottum takti við sýninguna fyrir utan eitt atriði í seinni hlutanum þar sem kaldhæðnislega skopið verður of ýkt. Þetta stílbrot er óþarfi og of langt í sýningu sem er rúmlega klukkutími.

Tónlistin í verkinu er lágstemmd, líkt og sviðsmyndin, en sérstaklega verður að nefna fallegan söng Hjalta Jóns og einnig er notkun á vel völdum upptökum úr lífi Petru, reyndar einnig Péturs, einstaklega skemmtileg.

Sýningar af þessu tagi eru einstaklega spennandi vettvangur til tilrauna en einnig áhugaverð leið til þess að róta í þjóðarsálinni, þjóðmenningu Íslands og okkur sjálfum. Vonandi heldur DFM Company áfram að skapa jafn vandaðar sýningar og Petra er í framtíðinni.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Einstaklega vel samansett sýning, tilfinningarík án þess að vera væmin og nauðsynlegt að sjá.



EITT VERKANNA Spreyjaðar línur á mosa.

Úr Samhengissafninu

Anna Líndal myndlistarkona er með sýninguna Samhengissafnið/Línur í Harbinger á Freyjugötu 1.


„Ég er með valda hluti úr Samhengissafninu, safni sem er eins og teygjudýr sem vex í allar áttir og á sér óljósan upphafspunkt,“ segir Anna Líndal sem opnaði sýningu nýlega í Harbinger á Freyjugötu 1.

Meðal sýningargripa er næstum 40 ára gamall afleggjari, sjó-

rekið plast úr Surtsey, vatn úr gígnum sem myndaðist í Grímsvatnagosinu 2011, dagbækur og sprejjaðar línur á mosa.

„Þessir hlutir hafa allir tilfinningalegan snertipunkt sem myndast við margþætta skoðun,“ segir listamaðurinn.

- gun



Reið er áferðarfallegt verk

DANS ★★★★★

Reið

Danshöfundar: Sveinbjörg Pórhallsdóttir og Steinunn Ketilsdóttir

Tónlist: Andrea Gylfadóttir

Búningar: Jóní Jónsdóttir

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Dansarar: Dána Rut Kristinsdóttir, Elín Signý W. Ragnarsdóttir, Eydís Rose Vilmondardóttir, Gígja Jónsdóttir, Halla Þórðardóttir, Saga Sigurðardóttir, Snædís Lilja Ingadóttir, Valgerður Rúnarsdóttir og Védís Kjartansdóttir

Sýningin Reið var síðasta verkið á Reykjavík dansfestival þetta árið. Verkið var sýnt á stóra sviði Borgarleikhússins og hafði því yfir sér nokkuð annan blæ en þau verk sem sýnd höfðu verið á minna sviði. Reið er áferðarfallegt verk og höfðaði sterkt til sjónræns fegurðarskyns áhorfenda. Tónlistin, búningarnir, lýsingin og frammi- staða dansaranna, allt var þetta nær hnökralaust svo framvinda verksins var ljúf.

Verkið var þó full átakalítið svo værd sötti að áhorfendum. Þannig var fullkomið flæði danssmíð-



AF SVIÐINU „Tónlistin, búningarnir, lýsingin og frammi- staða dansaranna, allt var þetta nær hnökralaust svo framvinda verksins var ljúf.“

MYND/STEVE LORENS

innar of sjaldan brotið upp til að skapa spennu eða andstæður.

Athyglisverðar voru þó senur þar sem Védís Kjartansdóttir stóð eða gekk rólega um á meðan hinar hlupu. Kyrröin sem fólst í stöðu hennar jók kraftinn í hlaupum hinna og búningur hennar, sem virkaði ljósari en hinna í þessum senum, dró fram áhuga-

verðar andstæður á sviðinu. Útfærsla efnisins var skemmtilega einföld og skýr svo fyrir þá sem eitthvað þekktu til hrossa var auðvelt að sjá hryssur í stóði ljóslifandi fyrir sér.

Sesselja G. Magnúsdóttir

NIÐURSTAÐA: Áferðarfallegt en átakalítið verk.



LISTAMENNIRNIR „Ekkert er að einhverju leyti það óskiljanlega, óútreiknanlega og óútskýranlega, jafnframt því að hafa engan augljósan tilgang,“ segja þau Freyja og Arnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Nóg er eftir af engu

Forvitnin um hið óþekkt dregur listamennina Freyju Reynisdóttur og Arnar Ómarsson áfram í þverfaglegum tilraunum við að kanna það sem ekki er, eða er í öllu falli óskiljanlegt. Þau vinna nú saman að verkefni sem nefnist Núll.

Áhugi á tómarúminu og alheiminum er orðinn að verkefninu Núll í höndum listamannanna Freyju Reynisdóttur og Arnars Ómarssonar sem starfa í Árósum í Danmörku. Það verkefni snýst um að gera ekkert úr engu og Freyja og Arnar hafa þegar lokið fyrsta hluta þess en í þessari viku er þriggja daga þagnargjörningur – og eins og Arnar orðar það: „Nóg er eftir af „engu“.“

„Fyrsti hlutinn af verkefninu var þriggja daga listasmíða sem við höldum í samstarfi við Háskólann í Árósum; mannfræðideildin bauð tuttugu virtum mannfræðingum víðsvegar að úr heiminu til þátttöku,“ lýsir Freyja. „Við unnum með þeim við að brjóta niður fastmótadar skilgreiningar á dagsdaglegum hlutum sem þeir komu með frá sínum sérsviðum og að heiman.“

Að loknum þagnargjörningnum í þessari viku segir Freyja þau Arnar ætla að vinna saman í þrjú vikur á vinnustofum sínum á Institut for X í Árósum. Þar muni þau framleiða og gera tilraunir á engu í ýmsum útfærslum. „Svo höldum

við aðra smíðu þar sem við fáum til okkar ýmsa sérfræðinga til að skilgreina þá neind sem komin verður, og umbreytum henni þar með í skilgreinda verund. Það verður svo að bókverki sem fer á sýningu ásamt allri neindinni í lok september.“

Spurð hvort eitthvað verði til að sýna svarar Arnar: „Já. Það er hægt að gera mjög margt úr engu og öfugt. Eðlisfræðingar myndu líklegast ekki fallast á sumar hugmyndir okkar um neindina en listamenn hafa heldur enga skuldbindingu til að falla innan ramma eðlisfræðinnar. Kannski hljómar það einfalt að gera ekkert úr engu en hugmyndin um neindina er mjög krefjandi. Við verðum líklega með alveg helling af engu í lok mánaðar.“

„Það er mjög áhugavert að vinna með þessa hugmynd því hún teygir sig í svo skemmtilegar áttir,“ tekur Freyja undir. „Við byrjuðum Núll með þælingum um geiminn, þetta óskiljanlega en samt skilgreinda tómarúm sem við vitum svo lítið um.“

„Núll er eiginlega bara einn stór

„Eðlisfræðingar myndu líklegast ekki fallast á sumar hugmyndir okkar um neindina en listamenn hafa heldur enga skuldbindingu til að falla innan ramma eðlisfræðinnar.“

gjörningur og við munum fallast á vald hans þar sem sköpunarkrafturinn og framtakssemin keyra okkur áfram,“ segir Arnar. „Við höfum bæði unnið að mörgum samstarfsverkefnum og haldið fjölda sýninga en að gera ekkert er alveg nýtt fyrir mér.“

Freyja kveðst hafa fíktað við að gera eitthvað sem svipti til Núlls en það hafi ekki gengið jafn langt. „Það er því nær ógerlegt að gera ekkert,“ segir hún. „En gífurlega spennandi að vinna með og kljást við.“

Hægt er að fylgjast með verkefninu á whyissomethingratherthanotherthing.com.

gun@frettabladid.is

Tilboð mánaðarins **september**

TILBOÐ

**Lambaskanki með kartöflumús,
sósu og sultu**
til að njóta á staðnum ~~1.195,-~~

*Komið aftur, og nú á
óviðjafnanlegu verði!
Aðeins í september.*

995,-



Nú er opið til kl. 21 öll kvöld í IKEA!

Opnunartími í versluninni hefur verið lengdur til kl. 21 öll kvöld, og til kl. 20.30 á veitingastaðnum. Verslaðu í ró og næði og njóttu ljúffengs kvöldverðar á góðu verði áður en haldið er heim.

Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is



SAMBIO.is
FOR BEINT Á TOPPINN Í USA!

NINJA TURTLES 10

FADING GIGOLO
FRÁBER GAMANMYND MEÐ WOODY ALLEN, JOHN TURTURRO, SHARON STONE OG SOFÍU VERGARA Í AÐALHLUTVERKUM. 12

GUARDIANS OF THE GALAXY 12

INTO THE STORM 12

ALFABAKKA

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES VIP 2D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
FADING GIGOLO	KL. 5:50 - 8 - 10:10
INTO THE STORM	KL. 8 - 10:10
STEP UP: ALL IN	KL. 5:30 - 8
FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVEITIN ISL TAL. 2D: 6	
GUARDIANS OF THE GALAXY	KL. 3D: 5:30 - 8 - 10:30
LUCY	KL. 10:30

EGILSHÖLL

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D	KL. 5:40 - 8 - 10:20
FADING GIGOLO	KL. 10:30
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D	KL. 5:25 - 10 3D 8
INTO THE STORM	KL. 6 - 8 - 10:35
STEP UP: ALL IN	KL. 5:30 - 8

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
FADING GIGOLO	KL. 6 - 8 - 10:10
GUARDIANS OF THE GALAXY 2D	KL. 8
INTO THE STORM	KL. 10:30
JERSEY BOYS	KL. 5

KEFLAVÍK

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D	KL. 8 - 10:10
FADING GIGOLO	KL. 8
INTO THE STORM	KL. 10:10

AKUREYRI

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D	KL. 5:50 - 8 - 10:10
FADING GIGOLO	KL. 8
INTO THE STORM	KL. 10:10

TRYGGÐU PÉR MIDA Á SAMBIO.is

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

NINJA TURTLES 10

GIVER 12

ARE YOU HERE 12

SMÁRA BÍÓ

TMNT 2D	KL. 3:30 - 5:45	10
TMNT 3D	KL. 8 - 10:15	10
TMNT 3D LÚXUS	KL. 3:30 - 5:45 - 8	10
THE GIVER	KL. 5:45 - 8 - 10:15	12
THE GIVER LÚXUS	KL. 10:15	12
LET'S BE COPS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12
EXPENDABLES	KL. 8 - 10:40	12
FLUGVÉLAR ISL TAL. 2D	KL. 3:40 - 5:50	12
FLUGVÉLAR ISL TAL. 3D	KL. 3:40	12
AÐ TEMJA DREKAN 2 ISL TAL. 2D	KL. 3:30	12

HÁSHÖLA BÍÓ

THE GIVER	KL. 5:45 - 8 - 10:15	12
ARE YOU HERE	KL. 8 - 10:30	12
LET'S BE COPS	KL. 5:45 - 8	12
NIKULÁS Í FRÍ	KL. 5:45	12
SEX TAPE	KL. 8	12
DAWN... PLANET OF THE APES 3D	KL. 10:15	12
VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI	KL. 5:20	12
VONARSTRÆTI	KL. 10:15	12

LAUGARÁS BÍÓ

NINJA TURTLES 10

LET'S BE COPS 12

LAUGARÁS BÍÓ

TMNT 3D	5:20	10
ARE YOU HERE	8, 10:20	12
LET'S BE COPS	5:45, 8, 10:15	12
THE EXPENDABLES	10	12
LUCY	8	16
AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D	5:20	12



GIFT KONA Angelina var í brúðarkjól frá Versace. NORDICPHOTOS/GETTY

Börnin þeirra skreyttu slörið

Tímaritið Hello! birtir myndir úr brúðkaupi Angelinu Jolie og Brads Pitt og hafa margir heillast af brúðarkjól Angelinu en slörið var skreytt teikningum eftir börnin þeirra sex.

Angelina fékk Atelier Versace, merki sem hún er mjög hrifin af, til að hanna kjólinn og var yfirhönnuður merkisins, Donatella Versace, auðvitað með puttana í verkefninu. Brúðarkjóllinn var að sjálfsgöðu sérsaumaður fyrir Angelinu úr silkisatíni. Þá var Angelina í hvítum hælaskóm frá Versace við hann. - lkg

Freknóttir fagna

BAKPANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur Konom um og yfir þrítugu er sérstaklega ráðlagt að stúdera freknuförðun, þar sem tæknin geti gert þær unglegri, frísklegri og fallelgri allt um leið. "Ég las þetta í gær. Þetta fylgdi frétt á hun. is sem freknóttir vinir mínir á Facebook deildu grimmt. Freknur eru nefnilega komnar í tísku. Ég er með freknur.



ÉG var ekki alltaf sátt við freknurnar. Einhvern veginn skildist mér sem krakka að þær þættu ekki til þrýði og var hreint ekki sátt þegar þær tóku að dreifa sér víðar en um nef og kinnar. Huggunarorð eins og að freknur væru hraustleikamerki höfðu lítið að segja, það var ekkert töff að vera hraust.

Ekki einu sinni Lina Langsokk-ur gat sannfært mig um það. Ég reyndi meira að segja að plokka þær af!

ÉG ætla samt ekki að láta sem freknurnar hafi haft afgerandi áhrif á líf mitt og líðan. Nema þær hafi orðið til þess að ég gekkst óþarflega

mikið upp í hlutverki freknótta hrekkjúsínsins. Þær hættu alveg að angra mig. Með árunum fóru þær jafnvel að gera gagn en á því tímabili í lífi mínu þegar bóla á kinn gat þýtt heimsendi, virkuðu þær sem felubúningur. Að ég tali nú ekki um þegar hrukkurnar komu.

EKKI að ég hengi mig í niðurnjörvaða útlitsstaðla og kröfur, um að vera „unglegri, frísklegri og fallelgri allt um leið“. Hreint ekki! Óx upp úr því fyrir löngu. Fegurðin kemur að innan og allt það, að innan nefnilega.

VIDBRÖGD mín við freknufréttinni komu mér því á óvart. Á sama tíma og ég gat ekki annað en glaðst í laumi yfir því að nú væri ekki bara orðið samfélagslega ásættanlegt að vera freknóttur heldur töff, leið mér eins og búið væri að ljóstra upp leyndarmáli sem aðeins ég og aðrir útvaldir höfðum átt fyrir okkur.

„UNGLEGRI, frísklegri og fallelgri allt um leið.“ Ég kærði mig hreint ekkert um að nú gæti hver sem er „stúderað freknuförðun“.

Á lag á plötu með ofurstjórnun

Raftónlistarmaðurinn Jóhann Steinn Gunnlaugsson á lag á væntanlegri plötu Armins van Buuren, sem er einn vinsælasti raftónlistarmaðurinn í heiminum í dag.

„Þetta er ótrúlega mikill heiður fyrir mig, ég bjóst ekki við þessu og þetta sýnir að það getur allt gerst,“ segir raftónlistarmaðurinn Jóhann Steinn Gunnlaugsson, en hann á lag á væntanlegri plötu hollenska raftónlistarmannsins Armins van Buuren sem kemur út síðar í mánuðinum.

Lagið er þó í raun ekki samið af Jóhanni Steini, heldur endurhljóðblandaði hann lag Armins. „Þetta er maður sem hefur hlotið Grammy-tilnefningu og því alveg ótrúlegt að fá að remixa lagið hans. Lögin á plötunni eru bæði eftir hann sjálfan, sem aðrir hafa svo remixað og einnig eftir aðra listamenn,“ útskýrir Jóhann Steinn.

Fleiri þekkt nöfn innan raftónlistargeirans eiga lög og endurhljóðblandanir á plötunni eins og Paul Oakenfold sem samdi hluta tónlistarinnar í kvikmyndinni Swordfish og þýski raftónlist-

Pað er aldrei að vita nema að maður komi fram með Armin ef allt gengur vel.

ardúettinn Cosmic Gate. „Þetta eru rísanöfn innan raftónlistarheimsins.“

Þess má til gamans geta að Armin van Buuren er með tæplega átta og hálf milljón læka á Facebook-síðu sinni og var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna í ár fyrir danslag ársins, This Is What It Feels Like.

Jóhann Steinn er á leið til Frakklands og Kanada á næstunni að spila, ásamt því að vinna í nýju efni. „Það er aldrei að vita nema að maður komi fram með Armin ef allt gengur vel,“ bætir Jóhann Steinn við. - glp



MEÐ STÓRSTJÖRNUM Jóhann Steinn Gunnlaugsson raftónlistarmaður á endurhljóðblöndun á plötu með þekktum nöfnum í raftónlistarheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Síðustu tónleikar Lísunnar í bili

Súpergrúpan kveður að sinni með nokkrum slögurum Stuðmanna

Síðustu tónleikar rokksveitarinnar Gríslappalísu í nokkurn tíma verða haldnir á Húrra í kvöld klukkan tíu. Tveir meðlimir hljómsveitarinnar halda nefnilega bráðum til útlanda í nám, en það eru þeir Gunnar Ragnarsson söngvari, sem fer til Prag í skiptinám, og Sigurður Möller Sívertsen trommari, sem fer til Sarajevo að læra leikstjórn.


Aðdáendur sveitarinnar þurfa þó ekki að örventa þar sem súpergrúpan kemur aftur saman yfir Iceland Airwaves-tónleikahátíðina í nóvember. Þá mun sveitin halda í tónleikaferðalag um Evrópu á næstu misserum.

Gunnar segir útgáfu á sjö tommu vínyl með þeirra útsetningu á lögum Stuðmanna handan við hornið. „Við gáfum út sjö tommu vínyl í fyrra með Megasar-lögum. Við viljum gefa út sjö tommu með ábreiðum samhlíða plötu með okkar lögum, og við höfum verið að spila Stuðmannalög í sumar,“ segir hann.

Aðgangseyrir á tónleikana er 1.500 krónur og verður „sörpræs rokk og ról upphitun“, hugsanlega með frægum leynigesti. - þij



KRAFTUR Sveitin er þekkt fyrir einkar líflega sviðsframkomu.



Í SKÝJUNUM Carrie á von á sínu fyrsta barni. NORDICPHOTOS/GETTY

Carrie Idol-stjarna ólétt

Sveitasöngkonan Carrie Underwood á von á sínu fyrsta barni í vor með eiginmanni sínum, Mike Fisher.

Carrie, sem sigraði í fjórðu seríu af American Idol árið 2005, birti gleðitíðindin á Instagram-síðu sinni í fyrradag. Þar mátti sjá hana með hundana sína tvo, Ace og Penny, íklædd bleikum og bláum bol með áletruninni „ég er að verða stóri bróðir“ og „ég er að verða stóra systir“.

Eiginmaður Carrie, sem er miðjumaður í íshokkíliðinu Nashville Predators, staðfesti fréttirnar á Twitter og sagði að þau væru ekki búin að velja nafn.

Carrie og Mike héldu upp á fjögurra ára brúðkaupsafmæli sitt í júlí, en þau giftu sig í Georgíu 2010 og var brúðkaupið í ektu suðurrikkjastíl. - asi

BIÓ PARADÍS MIÐASALA Á **midi.is**

björk biophilia
fransýnd 6. sept

miðasala hafin á **midi.is**

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



Í SKÝJUNUM Hjónabandssæla er fyrsta mynd Jörundar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjónabandssæla valin sú besta

Stuttmynd Jörundar Ragnarssonar hlaut fyrstu verðlaun á kvikmyndahátíðinni í Montréal.

Íslenska stuttmyndin Hjónabandssæla eftir Jörund Ragnarsson hlaut fyrstu verðlaun í flokki stuttmynda á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Montréal í síðustu viku.

Hjónabandssæla, eða Chum eins og hún heitir á ensku, var heimsfrumsýnd á hátíðinni í Montréal og tekur næst þátt á Nordisk Panorama-hátíðinni í Malmö í lok september.

Myndin er dramatísk gamanmynd með Sigurði Skúlasyni og Theódóri Júlíussyni í aðalhlut-

verkum. Myndin fjallar um tvo góðvini á sjötugsaldri sem búa á Patreksfirði. Þegar aðlaðandi kona á þeirra aldri birtist óvænt í heita pottinum þeirra á ævilöng vináttan undir högg að sækja.

Hjónabandssæla er fyrsta mynd Jörundar Ragnarssonar en hann er kannski best þekktur fyrir að skrifa og leika í Bjarnfredarsyni, svo ekki sé minnst á Vaktarþættina. Handritið að myndinni er eftir Jörund og Elizabeth Rose.

- þj

LÚSAKAMBUR

MEDISANA®
made for Life

3ja ára
ábyrgð!

Medisana 41015

ÍSLENSKUR
LEIÐARVÍSIR

Vandaður og góður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg einfaldlega með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti.

ÚTSÖLUSTADIR: HAGKAUP, SAMKAUP, BYGGT OG BÚIÐ,
NETTÓ, HEIMILISTÆKI OG APÓTEK UM LAND ALLT.

citroen.is

HAGKVÆMASTI KOSTURINN

• LÆGSTA VERÐIÐ • HLIÐARHURÐIR BEGGJA VEGNA • FELLANLEGT SKILRÚM • SPARNEYTINN

**BESTA
VERÐIÐ**

CITROËN NEMO VAN 6 HURÐA
VERÐ FRÁ: 1.984.063 KR. ÁN VSK
VERÐ FRÁ: 2.490.000 KR. MEÐ VSK

CITROËN NEMO ER HAGKVÆMASTI KOSTURINN

CREATIVE TECHNOLOGIE

Citroën Nemo er með lægsta verðmiðann á markaðnum. Gerðu samanburð og veldu hagkvæman og lipran sendibil sem uppfyllir allar þínar kröfur. Nemo er vel búinn og sparneytinn, hvort sem þú velur bensín eða dísil. Hliðarhurðir beggja vegna auðveldla hleðslu og hægt er að flytja lengri hluti með því að fella niður skilrúmið. Kaupu hagkvæman Citroën Nemo, við aðstoðum þig með fjármögnun.

Komdu í reynsluakstur.



Nýir og notaðir bílar: Sóludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Handboltavertíðin hefst í Eyjum í kvöld

HANDBOLTI Klukkan 18.00 verður flautað til leiks í leik meistaranna, þar sem Íslandsmeistarar ÍBV og bikarmeistarar Hauka mætast. Leikið er í Vestmannaeyjum, en þessi árlegi leikur Íslands- og bikarmeistaranna markar upphaf handboltatímabilsins á Íslandi. Sjálft Íslandsmótið hefst svo fimmtudaginn 18. september.

ÍBV og Haukar mættust í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn síðasta vor. Eftir tvo sigra hjá hvoru liði tryggðu Eyjamenn sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil með eins marks sigri, 28-29, í eftirminnilegum oddaleik í troðfullri Schenker-höllinni í Hafnarfirði.



Geta komið níu fingrum á titilinn

FÓTBOLTI Fimmtándu umferð Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu lýkur í kvöld þegar fjórir leikir fara fram. Stjarnan getur með sigri og hagstæðum úrslitum í leik Breiðabliks og Þórs/KA komið níu fingrum á annan Íslandsmeistaratitilinn í röð og þann þriðja á síðustu fjórum árum.

Stjarnan mætir Selfossi í Garðabænum í kvöld, en sömu lið áttust við í bikarúrslitaleiknum á laugardaginn þar sem Íslandsmeistararnir bættu bikarmeistaratitilinum í safnið með 4-0 sigri. Stjarnan er með sex stiga forystu á Breiðablik sem er í öðru sæti deildarinnar, en Blika-

stúlkur mæta Þór/KA á heimavelli sínum í Kópavoginum í kvöld.

Vinni Stjarnan sinn leik og tapi Breiðablik fyrir norðankonum verða Stjörnukonur með níu stiga forystu þegar níu stig eru eftir í pottinum og með töluvert hagstæðari markatölu.

Þór/KA missti þriðja sætið til nýliða Fylkis á mánudaginn þegar Árbæingar lögðu Val á heimavelli og þarf Akureyrarliðið því á sigri að halda í Kópavoginum í kvöld.

Skagakonur geta fallið í kvöld tapi þær fyrir Aftureldingu í botnslagnum og vinni FH sigur á ÍBV sem verður þó að teljast ólíklegt.



AFTUR Stjarnan og Selfoss mættust á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

Purfum allavega að vinna Armeníu

Ísland á góða möguleika á að komast í umspil

FÓTBOLTI Íslenska U-21 árs landsliðið í fótbolta mætir því armenska í undankeppni EM 2015 í dag. Leikurinn fer fram á Fylkisvelli og hefst klukkan 16.30. Ísland situr í öðru sæti A-riðils með tólf stig eftir sex leiki, sex stigum á eftir toppliði Frakklands. Efstu liðin í riðlum tíu og þau fjögur lið sem eru með bestan árangur í öðru sæti fara í umspil um sæti í lokakeppninni sem verður í Tékklandi.

Astandið á leikmannahópnum er gott að sögn Eyjólfss Sværissunar landsliðsþjálfara: „Það eru flestir heilir, fyrir utan smávægileg meiðsla. Hörður [Björgvin Magnússon] er tábotinn og Kristján Gauti [Emilsson] var með toggnu aftan í læri, en þeir ættu báðir að vera klárir,“ sagði Eyjólfur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ísland vann fyrri leik liðanna í Jerevan með tveimur mörkum gegn einu, en leikurinn úti fór fram í rúmlega 30 stiga hita. Eyjólfur segir Armenana erfiða viðurnegar: „Þetta eru fljótir og teknískir leikmenn sem eru ákveðnir og ákafir. En við erum sterkari en þeir í föstum leikatriðum og ættum að geta nýtt okkur það. Bæði mörkin okkar í leiknum ytra komu eftir skyndisóknir, en ég geri ekki ráð fyrir að Armenarnir verði jafn framarlega á vellinum í dag og þá.“

Eftir leikinn gegn Armeníu heldur íslenska liðið til Auxerre þar sem það mætir því franska á mánudaginn. Eyjólfur segir að fjögur stig úr leikjunum tveimur komi Íslandi í góðu stöðu upp á umspilið að gera: „Við þurfum allavega að vinna Armeníu og það gæti verið að við þyrftum eitt stig á móti Frökkum. Við vitum samt betur hvernig landið liggur á föstudaginn þegar umferðin er búin.“

- lps



MÖGULEIKI Eyjólfur er bjartsýnn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



EKKERT FARARSNÍÐ Sepp Blatter mun sitja sem forseti FIFA eins og lengi og honum sýnist. Hann er hér með Geir Þorsteinssyni, formanni KSÍ, í heimsókn sinni til landsins fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

KÓNGUR Í RÍKI SÍNU

Það virðist ekkert geta komið í veg fyrir að hinn 78 ára gamli Sepp Blatter stýri FIFA til ársins 2019. UEFA mun ekki senda frambjóðanda gegn Blatter á næsta ári. Þó að Blatter sé umdeildur hefur hann hreðjatak á hreyfingunni.

FÓTBOLTI „Þú veist hvernig bresku blöðin vinna stundum. Það er ekkert til í þessu,“ segir Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, en breski miðillinn Daily Mail hélt því fram að Ísland og Finnland stæðu í vegi fyrir því að fulltrúi frá UEFA byði sig fram í forsetakjöri FIFA á næsta ári.

„Ég held að menn ofmeti áhrif mín hjá UEFA ef þeir halda að ég hafi getað talað þessa hugmynd niður.“

Michel Platini, forseti UEFA, hafði íhugað að bjóða sig fram gegn Blatter. Hann hefur nú látið af þeim hugleiðingum og hefur þess í stað boðið sig fram til þess að stýra UEFA áfram.

„Ég steig þarna í pontu og það eina sem ég mælti með var að menn sýndu samstöðu innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Það er mjög mikilvægt.“

Eftir forsetakjörið hjá FIFA árið 1998, þar sem Blatter lagði þáverandi forseta UEFA, Lennart Johansson, ríkti mikill kuldi í samskiptum FIFA og UEFA í tíu ár. Geir segir ekki gott að slíkt ástand komi upp aftur.

Það kom mörgum á óvart að Platini skyldi ekki taka slaginn við Blatter en það var þó ljóst á heimsþingi FIFA fyrir HM í sumar að Platini myndi ekki eiga möguleika gegn Blatter.

UEFA stendur ekki saman

Á þinginu kom UEFA fram með tvær tillögur, aðra um aldurstakmark á forseta FIFA. Þá tillögu studdu aðeins 33 af 54 fulltrúum UEFA á þinginu. Enginn fulltrúi annarrar heimsálfu studdi þá tillögu. UEFA var því ekki einu sinni sameinað í andstöðu sinni gegn Blatter.

„Það var hægt að lesa á milli línanna og í stöðuna eftir þetta þing,“ segir Geir, en ljóst má vera að fyrst Platini á ekki möguleika gegn Blatter þá á það líklega enginn. Þess vegna hefði ekki verið neitt vit í því hjá UEFA að senda annan óþekktari fulltrúa og um leið koma óróa á samband UEFA og FIFA.

Það virðist því ekkert geta komið í veg fyrir að Blatter muni hefja sitt fimmta kjörtímabil á

næsta ári. Þess utan hafa fimm af sex samböndum FIFA lýst yfir stuðningi við Blatter. Aðeins Evrópa hefur þorað að setja sig að einhverju leyti upp á móti honum.


„Það er mjög mikilvægt að standa saman og á bak við þau mál sem skipta okkur máli. Það er hversu mörg sæti Evrópa hefur í lokakeppni HM og hversu marga fulltrúa við eigum í stjórn FIFA. Við þurfum að verja okkar stöðu,“ segir formaður KSÍ.

Þótt formannstíð Blatters hafi verið skrautleg og ásakanir um spillingu séu út um allt er staða Blatters í knattspyrnuheiminum ótrúlega sterk. Bakland hans innan hreyfingarinnar er þess eðlis að aðrir geta allt eins sleppt því að bjóða sig fram. Það á enginn möguleika gegn honum.

Blatter virðist geta setið á forsetastóli nákvæmlega eins lengi og honum sýnist og klári hann næsta kjörtímabil verður hann búinn að vera forseti sambandsins í 21 ár. Blatter verður þá orðinn 83 ára gamall.

henry@frettabladid.is

1/2 ÁRSKORT Á 17.990.-
Í LÍKAMSRÆKT OG SUND
SÍÐASTI DAGUR TILBOÐS Í DAG!



Salalaug

Sundlaug Kópavogs

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480
www.gymheilsa.is

Aðrar deildir ekki nálægt ensku

Ensku félagin keyptu leikmenn fyrir 162 milljarða króna í sumar.

FÓTBOLTI Félagin í ensku úrvalsdeildinni bættu eigið met í eyðslu í sumar, en þegar félagaskiptagluggan var loks lokað höfðu þau eytt 835 milljónum punda í nýja leikmenn eða jafnvirði 162 milljarða íslenskra króna.

Fyrira metið settu þau síðasta sumar þegar leikmenn voru keyptir fyrir 760 milljónir punda (148 milljarða króna). Eyðslan hefur aukist jafnt og þétt undanfarin fimm ár eftir að hún náði vissum botni sumarið 2009 þegar ensku félagin eyddu „aðeins“ 480 milljónum punda í nýja leikmenn eða

sem samsvarar 93 milljörðum.

Auknar tekjur félaganna af ævintrýralega háum sjónvarpssamningum gera það að verkum að ensku félagin geta eytt mun meira en lið í öðrum deildum eins og sést á muninum á eyðslu stærstu deildanna.

Félagin í spænsku 1. deildinni eyddu næstmest í sumar en voru ekki nálægt þeim ensku. Á Spáni voru keyptir menn fyrir 425 milljónir punda (83 milljarða króna), í Þýskalandi var heildareyðslan 250 milljónir punda (49 milljarðar króna) og Frakkar eyddu „aðeins“ 20 milljörðum.



RÁNDÝR Ángel di María kostaði Man. Utd 11,6 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!**



RÝMINGARSALA á timbri og grófvöru Húsasmiðjan Grafarholti

**Valdar vörur á stórlækkuðu verði!
aðeins í Grafarholti**

PANILL NOKKRAR GERÐIR • PALLAEFNI LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐ
BJÁLKAKLÆÐNINGAR • PÉTTULL • TIMBUR 1X6"
ÚTLITSGALLAÐAR GIPSPLÖTUR OG FLEIRA...

Einnig útsala í timbursölum um land allt!

SKJÓLVEGGIR OG -GIRÐINGAR 30-50% • GARÐHÚS 25%
BLÓMAKASSAR 30-50% • PALLAEININGAR 60X60 CM 30%
TRÖPPUKJÁLKAR 30% • STAURAHATTAR 30% • PAPPAHÓLKAR 30%
SORPTUNNUGEYMSLA 25% OG MARGT FLEIRA...



*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Stöð 2 kl. 20.05 How I Met Your Mother

Níunda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.



Í KVÖLD



Nótan 2014

SJÓNVARPIÐ KL. 20.05 Tónlistarflutningur framúrskarandi nemenda á uppskeruhátíð tónlistarskóla sem fram fór í Hörpu 23. mars 2014. Tónlistin ómaði um Eldborgarsalinn og viðurkenningar og verðlaun voru veitt.



America's Next Top Model

SKJÁR EINN KL. 20.30 Bandarísk raunveruleikabáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Þetta er í fyrsta sinn sem fleiri en fjórtán þátttakendur fá að spreya sig í keppninni enda taka piltar líka þátt í þetta sinn.



Homeland

STÖÐ 2 GULL KL. 21.00 Stórbrotin þáttaröð í anda 24 með Claire Danes í aðalhlutverki. Carrie Mathieson starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna og fær upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandarískum stríðsfanga á sitt band.

Bylgjan kl. 16.00 Reykjavík síðdegis

Porgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.



HEILSUÐÝNDAGAR



Nature's Rest

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
100x200	72.900,-	61.965,-
120x200	79.900,-	67.915,-
140x200	92.900,-	78.965,-
160x200	99.900,-	84.915,-
180x200	117.900,-	100.215,-



Nature's Comfort

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
100x200	99.900,-	84.915,-
120x200	119.900,-	101.915,-
140x200	138.900,-	118.065,-
160x200	149.900,-	127.415,-
180x200	164.900,-	140.165,-



Nature's Luxury

Stærð cm.	Verð	Dýnudagar
120x200	129.900,-	110.415,-
140x200	155.900,-	132.515,-
160x200	169.900,-	144.415,-
180x200	189.900,-	161.415,-

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle
- 08.25 Wipeout
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.10 Spurningabomban
- 11.00 Grand Designs
- 11.50 Grey's Anatomy
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Cold Feet
- 13.50 Episodes
- 14.20 Smash
- 15.05 Xiaolin Showdown
- 15.25 Grallarnir Kalli kanína og félagar
- 15.50 Arrested Development
- 16.25 The Michael J. Fox Show
- 16.50 The Big Bang Theory
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Michael J. Fox Show
- 19.40 The Middle (16:24)
- 20.05 How I Met Your Mother (20:24)
- 20.30 Léttir sprettir
- 20.50 The Night Shift (7:8)
- 21.35 Mistresses (12:13)
- 22.20 Covert Affairs (8:16)
- 23.05 Enlightened
- 23.35 NCIS
- 00.20 Major Crimes
- 01.05 True Stories
- 01.55 The Blacklist
- 03.20 The Blacklist
- 04.05 Trainspotting
- 05.40 Fréttir

SPORT

- 14.55 Spænsku mörkin
- 15.25 Þýsku mörkin
- 15.55 Inter - Stjarnan
- 17.40 Lubbecke - Flensburg Bein útsending
- 19.10 KR - Stjarnan
- 20.55 Pepsímörkin 2014
- 22.15 Lubbecke - Flensburg
- 23.35 Real Sociedad - Real Madrid

SPORT 2

- 11.50 West Ham - Southampton
- 13.35 Football League Show
- 14.05 Swansea - WBA
- 15.45 Messan
- 17.00 Burnley - Man. Utd.
- 18.40 Premier League World
- 19.10 Leicester - Arsenal
- 20.55 Premier League Review
- 21.50 Tottenham - Liverpool
- 23.30 Aston Villa - Hull

INN

- 20.00 Björn Bjarnason
- 20.30 Tölur og tækni
- 21.00 ABC barnahjálpar
- 21.30 Á ferð og flugi

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 17.30 Last Man Standing
- 17.55 Guys With Kids
- 18.15 Hart of Dixie
- 19.00 Jamie's 30 Minute Meals
- 19.25 Sullivan and Son (10:10)
- 19.55 Who Do You Think You Are?
- 20.55 Utopia (5:6)
- 21.50 Gang Related (7:13)
- 22.35 Damages (4:10)
- 23.30 Originals
- 00.20 Hart of Dixie
- 01.05 Jamie's 30 Minute Meals
- 01.30 Sullivan and Son
- 02.55 Utopia
- 03.40 Gang Related
- 04.25 Damages
- 05.10 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Áfram Diego, áfram!
- 07.45 Elías
- 07.55 UKI
- 08.00 Ofurhundurinn Krypto
- 08.22 Skógardýrið Húgó
- 08.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 08.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 09.00 Lukku láki
- 09.25 Latibær
- 09.47 Hvellur keppnisbill
- 10.00 Könnuðurinn Dóra
- 10.24 Mörgesimar frá Madagaskar
- 10.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 10.55 Sumardalsmyllan
- 11.00 Áfram Diego, áfram!
- 11.24 Svampur Sveinsson
- 11.45 Elías
- 11.55 UKI
- 12.00 Ofurhundurinn Krypto
- 12.22 Skógardýrið Húgó
- 12.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 12.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 13.00 Lukku láki
- 13.25 Latibær
- 13.49 Hvellur keppnisbill
- 14.00 Könnuðurinn Dóra
- 14.24 Mörgesimar frá Madagaskar
- 14.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 14.55 Sumardalsmyllan
- 15.00 Áfram Diego, áfram!
- 15.24 Svampur Sveinsson
- 15.45 Elías
- 15.55 UKI
- 16.00 Ofurhundurinn Krypto
- 16.22 Skógardýrið Húgó
- 16.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 16.56 Rasmus Klumpur og félagar
- 17.00 Lukku láki
- 17.25 Latibær
- 17.49 Hvellur keppnisbill
- 18.00 Könnuðurinn Dóra
- 18.24 Mörgesimar frá Madagaskar
- 18.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 18.55 Sumardalsmyllan
- 19.00 Iceage
- 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.55 Strákarnir
- 18.20 Frasier
- 18.45 Friends
- 19.05 Seinfeld
- 19.30 Modern Family
- 19.55 Two and a Half Men (6:24)
- 20.15 Örlagadagurinn (18:30)
- 20.45 Heimsókn
- 21.00 Homeland (9:13)
- 21.50 Chuck (10:22)
- 22.35 Cold Case (19:23)
- 23.20 Boardwalk Empire
- 00.20 E.R.
- 01.05 Boss
- 02.00 Örlagadagurinn
- 02.30 Heimsókn
- 02.45 Homeland
- 03.35 Chuck
- 04.20 Cold Case
- 05.05 Boardwalk Empire
- 06.00 Tónlistarmyndbönd

BÍÓSTÖÐIN

- 10.20 A League of Their Own
- 12.25 Bridges of Madison County
- 14.40 Stand By Me
- 16.10 A League of Their Own
- 18.15 Bridges of Madison County
- 20.30 Stand By Me
- 22.00 The Change-up
- 23.50 Howl
- 01.15 Cloud Atlas
- 04.05 The Change-up

RÚV

- 16.35 Martin læknir
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Síngildar teiknimyndir
- 17.50 Nýi skólinn keisarans
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Eldað með Niklas Ekstedt
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nótan 2014 Tónlistarflutningur framúrskarandi nemenda á uppskeruhátíð tónlistarskóla sem fram fór í Hörpu 23. mars 2014. Tónlistin ómaði um Eldborgarsalinn og viðurkenningar og verðlaun voru veitt.
- 21.00 Mánudagsmorgnar (7:10) (Monday Mornings) Bandarísk þáttaröð um líf og störf skurðlækna sem berjast fyrir lífi sjúklinga sinna. Aðalhlutverk: Ving Rhames, Jamie Bamber og Jennifer Finnigan.
- 21.40 Íslenskar stuttmyndir (Smáfluglar) Margverðlaunúð stuttmynd eftir Rúnar Rúnarsson um ungling sem verður á einu augnabliki að fullorðnum og ábyrgðarfullum einstaklingi.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Pussy Riot: Pönkarabæn (Pussy Riot: A Punk Prayer) Heimildamynd um rússnesku pönkhljómsveitina Pussy Riot, uppreisnina gegn sameiningu rússneska ríkisins og kirkju og refsingunni sem átti að vera fordæmisgefandi.
- 23.50 Njónnadeildin (2:6) (Spoops)
- 00.45 Kastljós
- 01.10 Fréttir
- 01.20 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.25 90210
- 17.10 Justin Bieber Live@Home
- 17.55 Dr. Phil
- 18.35 Catfish
- 19.20 King & Maxwell
- 20.05 America's Funniest Home Videos
- 20.30 America's Next Top Model (12:16)
- 21.15 Fleming (2:4) Allir þekkja njóns-arann, ævintýramanninn og glaugmann James Bond. Fleming er glæný vönduð þáttaröð frá BBC um manninn sem skapaði njóns-arann óútreiknanlega- og kenndi okkur að meta hristan Martini.
- 22.00 Vexed (4:6)
- 23.00 The Tonight Show Voice - dóm-arinn og poppstjarnan Adam Levine er gestur kvöldsins ásamt fjölmiðlakonunni Meredith Vieira. Maroon 5 tekur lagið.
- 23.45 Revelations
- 00.30 House of Lies
- 00.55 Fleming
- 01.40 Vexed
- 02.40 The Tonight Show
- 03.25 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 12.00 Golfing World 2014
- 12.50 PGA Tour 2014 - Highlights
- 13.45 PGA Tour 2014 - Highlights
- 17.15 Web.com Tour Highlights
- 18.10 Champions Tour 2014 - Highlights
- 19.05 Golfing World 2014
- 19.55 Countdown to the Ryder Cup
- 20.20 Champions Tour 2014 - Highlights
- 21.15 Golfing World 2014
- 22.05 Countdown To The Ryder Cup
- 22.30 Web.com Tour Highlights
- 23.25 Inside the PGA Tour 2014

DORMA

- býður góða nótt

DORMA Holtagörðum, Reykjavík ☎ 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri ☎ 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík ☎ 558 1100

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI 20%-50% AFSLÁTTUR

-50%

SILIVA TV samstæða
Breidd: 240cm
Verð: 178.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 89.000,-

-20%

AMOS tungusófi
Stærð: 255x152cm
Verð: 209.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 167.200,-

-30%



ACE tungusófi
Breytanlegur í 3ja sæta og skemil
Stærð: 236x155cm
Verð: 185.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 129.500

-25%



MERCURY tungusófi
Stærð: 290X165cm
Verð: 249.900,- Vinstri tunga
ÚTSÖLUVERÐ: 187.425,-

-25%



PISA tungusófi með vinstri tungu
Stærð: 300X170cm
Verð: 258.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 193.500,-

BORÐSTOFUBORÐ -20%
Stærð: 180X100cm
Verð: 99.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 79.920,-



-40%



HARPER stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 17.940,-

-25%



CLARK stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-

-20%



OPAL stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

-35%



MONTANA stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 11.635,-

-25%



LEON stóll
ÚTSÖLUVERÐ: 12.675,-

TEIKNIMYNDAPERSÓNAN



Abú, apinn hans, Aladdíns. Ég elska hann.

Unnur Birna Björnsdóttir tónlistarkona.

Tekur á móti þekktu fólki í uppþúnu rúmi

Lokaverkefni Rakelar Mjallar Leifsdóttur fjallar um rúm og rými en sýning hennar verður opnuð í dag.

Myndlistarsýningin Koddahjal verður opnuð í dag klukkan 17.00 og stendur yfir í tvo daga í nemendagalleríinu Kaffistofunni að Hverfisgötu 42. Sýningin er einkasýning Rakelar Mjallar Leifsdóttur og er samansafn af vídeóverkum hennar.

Í verkunum tekur listakonan á móti mörgum kunnuglegum andlitum í uppþúnu rúmi. Viðmælendur Rakelar leggjast undir sæng og ræða málín. Meðal viðmælenda er tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds, fyrirsætturnar Matthildur Matthías-

dóttir og Kolfinna Kristófersdóttir, listakonan Sunneva Ása Weissshappel og leikkonan Guðrún Ásmundsdóttir.

„Ég var að hugsa hvernig samtal verður að verki og hvort rýmið hafi áhrif á samtalið, í hvernig rými dýpsti punkturinn af samtalinu á sér stað. Alls konar tengingar koma upp í rúminu; um barnæsku, einsemd og fleira,“ segir Rakel um verkið. „Einnig fjarlægjum við tenginguna við ást eða ástmenn, og sjáum hvað verður svo eftir.“ -þj



TENGINGAR UPPÍ RÚMI Sýning Rakelar heitir Koddahjal.

Stórfyrirtæki vill íslenska tókumenn

Tókumenn tæknifyrirtækisins Luxor unnu að beinni útsendingu frá tónleikum Justins Timberlake í Kórnum fyrir Yahoo! Fyrirtækið, sem framleiddi tónleikana, var hæstánægt með tókumennina og vill fá þá í stórt verkefni í New York í desember næstkomandi.

„Ég er fyrst og fremst stoltur af teyminu sem ég er að vinna með. Þetta eru fagmenn í öllum hornum,“ segir Karl Sigurðsson, verkefnastjóri tæknifyrirtækisins Luxor. Luxor, ásamt Sagafilm og 365, vann að beinni útsendingu Yahoo! frá tónleikum Justins Timberlake í Kórnum fyrir stuttu. Framleiðslufyrirtækið Live Media Group sá um að framleiða tónleikana og leist forsvarsmönnum fyrirtækisins svo vel á íslenska tókumenn að þeir vilja fá þá í verkefni á erlendri grundu.

„Þegar tónleikunum lauk voru stjórnendur Live Media Group himinlifandi með tókumennina. Þeir sögðu að íslenska teymi væri allt öðru vísi en teymi sem þeir höfðu kynnst annars staðar í Evrópu að því leyti að í öðrum löndum fá þeir yfirleitt að heyra orðin „not possible“ við hinum ýmsu spurningum á meðan Íslendingar reddi málum og gangi beint í hlutina. Síðan kom tölvupóstur nokkrum dögum síðar þar sem þeir óskuðu eftir vissum aðilum frá okkur til að vinna verkefni í New York í desember,“ segir Karl, en getur lítið tjáð sig um verkefnið. Hann segir þó að um tónlistartengdan viðburð sé að ræða sem verði sjónvarpað beint fyrir bandarískt sjónvarp en Live Media

Group vinnur meðal annars náð með bandarískum kvikmyndaverum að ýmsum beinum útsendingum frá rauða dreglinum.

Karl er mjög ánægður með útkomu tónleika Justins Timberlake.

„Þetta er örugglega mesta áhorf sem íslensk útsending hefur fengið. Það tekur vel á taugarnar. Í svona útsendingu felst gífurlega mikill undirbúningur en seinustu klukkutímarnir fyrir útsendingu eru erfiðastir. Við leigðum til að mynda stórar linsur frá Danmörku en flugvélin sem átti að flytja þær til landsins bilaði og því þurfti að redda þannig að linsurnar voru fluttar til Belgíu og þaðan til Íslands. Það gerðist allt daginn fyrir tónleikana og þá var ég vel á nálum,“ segir Karl. Hann segir að beðni eins og þessi frá Live Media Group hafi mikla þýðingu fyrir bransann hér heima.

„Við erum svo fá í íslenska sjónvarpsbransanum þannig að það eru alltaf allir í öllum verkefnum og þar af leiðandi með mikla reynslu af ýmsum verkefnum. Það er að skila sér og svona beðni sýnir okkur að við erum á réttri leið.“

liljakatrin@frettabladid.is



AÐ RIFNA ÚR STOLTI Karl er himinlifandi yfir að vinna með eintómum fagmönnum.

FRÉTTABLAÐID/GVA

SÝNA BEINT FRÁ GLAMÚRNUM Í HOLLYWOOD

Live Media Group var stofnað árið 2008 og hét þá Premiere Entertainment. Fyrst sérhæfði fyrirtækið sig í útsendingum frá rauða dreglinum þegar um frumsýningar stórmynda var að ræða. Síðustu fimm ár hefur fyrirtækið einnig fært sig út í útsendingar af verðlaunahátíðum, tónleikum og ýmiss konar viðburðum.

Meðal verkefna Live Media Group á árinu eru:

- Útsending frá Emmy-verðlaunahátíðinni fyrir Yahoo! og Television Academy.
- Frumsýning The Hunger Games: Catching Fire fyrir Lionsgate og Yahoo!
- Heimsfrumsýning Edge of Tomorrow fyrir Warner Brothers.
- Frumsýning The Amazing Spider-Man 2 fyrir Yahoo!
- Útsending frá Óskarsverðlaunahátíðinni fyrir Yahoo!
- Útsending frá Grammy-verðlaunahátíðinni fyrir CBS.com og EOnline.
- Útsending frá Golden Globe-verðlaunahátíðinni fyrir Yahoo!

Námsorlof

framhaldsskólakennara og stjórnenda framhaldsskóla

Umsóknarfrestur til 1. október

Kennarar, náms- og starfsráðgjafar, skólameistarar og aðrir stjórnendur framhaldsskóla sem starfað hafa í a.m.k. fimm ár við kennslu- eða stjórnunarstörf í framhaldsskóla geta sótt um námsorlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Umsóknir fyrir skólaárið 2015-2016 þurfa að berast Rannís eigi síðar en 1. október nk.

Upplýsingar og umsóknargögn á www.rannis.is

Nánari upplýsingar veitir
Sigrún Ólafsdóttir, sími 515 5800,
sigrun.olafsdottir@rannis.is



OFUR-HLJÓMSVEIT Hljómsveitin The Aristocrats ætla að rokka þakið af Rosenberg í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Þakið rifnar af Café Rosenberg

Hljómsveitin The Aristocrats, sem skipuð er þungvigtarhljóðfæraleikurum á heimsvísu, heimsækir Ísland. Sveitin er þekkt fyrir einstaka tilburði á tónleikum.

„Ég er þínu hræddur um að við munum rokka þakið af Rosenberg, en það er bara rokk og ról,“ segir Tom Matthews tónlistarmaður sem stendur fyrir tónleikum djass/rokk/fusion-hljómsveitarinnar The Aristocrats á Café Rosenberg í kvöld.

Um er að ræða hljómsveit sem skipuð er virtum hljóðfæraleikurum á heimsvísu en þeir eru gítarleikarinn Guthrie Govan, trommu-leikarinn Marco Minnemann

og bassaleikarinn Bryan Beller. „Þetta eru allt miklir töframenn á sín hljóðfæri og hafa komið víða við,“ segir Tom. Til að mynda hefur bassaleikarinn Bryan Beller starfað með Stevie Vai og Dweezil Zappa.

Sveitin var stofnuð fyrir slysi árið 2011 og æfði bara einu sinni fyrir sínu fyrstu tónleika. „Ég veit allavega að Guthrie vill prófa nýja hluti á tónleikum. Þeir hafa vakið

mikla athygli fyrir frammistöðu sína á tónleikum og eru á tónleikaferðalagi um heiminn núna,“ segir Tom. Sveitin er nýkomin frá Asíu og er nú á ferð um Evrópu.

The Aristocrats hefur gefið út tvær hljóðversplötur, eina samnefnda hljómsveitinni árið 2011 og Culture Clash á síðasta ári. Þá hefur hún einnig gefið út tónleika-plötu, Boing, We'll Do It Live! árið 2012.

-glp

LAGERSALA

3. - 9. september



ALLT AÐ
80%
AFSLÁTTUR



LYGNA **-80%**

DÖMU SOFT SHELL JAKKI
Verð nú kr. 5.198
Verð áður kr. 25.990



REKA **-70%**

HERRA JAKKI
Verð nú kr. 7.990
Verð áður kr. 25.990



LEIKA **-40%**

BARNA KULDAGALLI
Verð nú kr. 13.794
Verð áður kr. 22.990



HARKA **-50%**

DÖMU ÚLPA
Verð nú kr. 24.995
Verð áður kr. 49.990



FENNA **-50%**

HERRA SKÍÐAÚLPA
Verð nú kr. 24.995
Verð áður kr. 49.990



FROSTI **-40%**

BARNA SKÍÐAÚLPA
Verð nú kr. 13.794
Verð áður kr. 22.990

OPNUNARTÍMI
3. - 9. september

Virka daga
12:00 - 19:00
Laugardag
11:00 - 18:00
Sunnudag
12:00 - 18:00

FACTORY STORE

Nýbýlavegi 6 • 200 Kópavogi • Sími: 412 5869

ZO·ON
ICELAND
www.zo-on.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

FRÉTTIR AF FÓLKI

Slógu í gegn í Seattle

Hljómsveitin Young Karin kom, sá og sigraði á Bumbershoot-tónlistarháttíðinni í Seattle á sunnudag.

Húsfyllir var á tónleikunum og að sögn viðstaddra, röð út á götu.

Karin Sveinsdóttir, söngkona sveitarinnar, vakti sérstaka lukku og áhorfendur hópuðust í kringum hana að tónleikunum loknum. Svo virðist sem mikill hiti sé í kringum sveitina þar ytra. Á tónleikunum var fjöldinn allur af umboðsmönnum og bransaliði mættur til að berja sveitina augum.

Hermigervill, Sveinbjörn Thorarensen, kom jafnframt fram á háttíðinni en hann

hefur verið á tónleikaferðalagi í Bretlandi síðan í ágúst. Hann hefur meðal annars komið fram í Bristol, Wales og á útihátíðinni Shambala í Northampton-skíri. -ssb



Brjálað stuð í brúðkaupi Begga

Mikil hátíðarhöld fóru fram um liðna helgi þegar að stórsöngvarinn **Bergsveinn Arilússon**, líklega betur þekktur sem **Beggi** í Söldög, kvæntist **Rut Tryggvadóttur**.

Mikill léttleiki var yfir athöfninni en séra Aðalsteinn Porvaldsson frá Grundarfirði gaf hjónin saman og gaf hann tóninn fyrir það sem í vændum var. „Hann var mígandi hress og fólk grét úr hlátri í kirkjunni,“ segir **Beggi** léttur í lundu um prestinn.

Í veislunni, sem þótti einkar létt og skemmtileg, hélt **Gunnar Sigurðsson**, betur þekktur sem **Gunni samloka**, ræðu þrátt fyrir að þekkja ekki sálu í salnum. „Hann var frábær, það hefur einhver lænað þessu upp og ég hef gæsirnar grunaðar um þetta,“ bætir **Beggi** við.

Meðlimir Söldaggar stigu á svið með **Telmu Ágústsdóttur** í broddi fylkingar og þá tók **Hreimur Örn Heimisson** einnig lagjð, ásamt **Vinum vors og blóma**. -gfp



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Frábærar fréttir, ég er klár ásamt maka“
- 2 Reynir situr í settinu með hárkolluna sína og kallar menn hrotta
- 3 Stór dagur í lífi fasteignasala: Kaupir heilsíðuauglýsingu og eignast barn

KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

95
50
1964-2014
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • e@ef.is • www.ef.is

WOW

FLUGFÉLAG FÓLKSINS

KØBEN

— EÐA —

LONDON

— FRÁ —

9.990 kr.

Tímabil: nóvember 2014

WOW MOMENT „Fyrsta skipti í Köben, lékum okkur við hafmeyjuna, sáum Beyoncé og tókum Somersby smökkun! Ógleymanleg ferð!“
Iðunn Tara Ásgrímsdóttir

wowair.is